




ÁRSSKÝRSLA 2011

ÁRSSKÝRSLA 2011



EFNISYFIRLIT

| | |
|---|---------|
| Stjórn | bls. 6 |
| Skipurit | bls. 6 |
| Formáli rektors | bls. 9 |
| Nemendafjöldi | bls. 10 |
| Starfsmenn | bls. 11 |
| Gæðamál | bls. 12 |
| Góðvinir Háskólans á Akureyri | bls. 15 |
| Heilbrigðisvísindasvið | bls. 16 |
| Hug- og félagsvísindasvið | bls. 20 |
| Miðstöð skólaþróunar | bls. 26 |
| Viðskipta- og raunvísindasvið | bls. 28 |
| Markaðs- og kynningarsvið | bls. 34 |
| Fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsvið | bls. 35 |
| Nemendur og deildir | bls. 36 |
| Kennslusvið | bls. 39 |
| Fjamám | bls. 40 |
| Rannsókn- og þróunarmiðstöð HA - RHA | bls. 42 |
| Rannsóknþing Norðursins - NRF | bls. 44 |
| Upplýsingasvið | bls. 46 |
| Félag stúdenta við HA - FSHA | bls. 47 |
| Félagsstofnun stúdenta - FÉSTA | bls. 49 |
| Símenntun HA | bls. 50 |
| Sjávarútvegsmiðstöðin við HA - SHA | bls. 51 |
| Rannsóknarmiðstöð ferðamála - RMF | bls. 52 |
| Samningar | bls. 54 |
| Styrkir | bls. 56 |
| Eitt og annað | bls. 58 |
| Ársreikningur | bls. 68 |
| Brautskráning | bls. 70 |
| Brautskráningarræða rektors | bls. 72 |
| Brautskráðir - myndir | bls. 76 |
| Brautskráðir – listi | bls. 80 |
| Lokaverkefni | bls. 82 |



STJÓRN

Yfirstjórn háskólans er falin háskólaráði og rektor og er háskólaráð æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans. Háskólaráð hélt þrettán formlega fundi árið 2011.

Háskólafundur er haldinn a.m.k. einu sinni á ári. Hann er vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og akademíska stefnumótun. Fulltrúar nemenda, kennara og annars starfsfólks sitja háskólafundum. Haldinn var einn háskólafundur á árinu.

Framkvæmdastjórn sér um samræmingu á daglegum rekstri háskólans. Þar er farið yfir fjármál, áætlanagerð, uppgjör og tekna ákvarðanir um samstarfssamninga, rætt um framgang þróunarverkefna og nýsköpunar, auk samræmingar verkefna á milli einstakra akademískra skipulagseininga og háskólaskrifstofu. Stjórnin er skipuð rektor, forsetum fræðasviða og framkvæmdastjóra.

Við háskólann starfar gæðaráð. Meginhlutverk þess er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að háskólinn standist ávallt þær kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Sæti í gæðaráði eiga rektor, forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri, gæðastjóri, forstöðumaður kennslusviðs, tveir fulltrúar starfsmanna háskólans og tveir fulltrúar frá nemendum.

Háskólaráð er skipað skv. lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 með breytingu nr. 50/2010. Eftirtaldir fulltrúar skipuðu háskólaráð 2011:

Stefán B. Sigurðsson rektor, formaður háskólaráðs

Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra, fulltrúi menntamálaráðherra

Birna María Svanbjörnsdóttir forstöðumaður, fulltrúi háskólasamfélagsins

Hjörleifur Einarsson prófessor, fulltrúi háskólasamfélagsins

Páll Skúlason prófessor, fulltrúi háskólaráðs

Svanfríður Inga Jónasdóttir bæjarstjóri, fulltrúi háskólaráðs

Sveinn Arnarsson nemi, fulltrúi Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri – FSHA

Til vara:

Sigurður Kristinsson forseti hug- og félagsvísindasviðs, varaformaður háskólaráðs

Hallur Gunnarsson tölvunarfræðingur, fulltrúi menntamálaráðherra

Óskar Þór Vilhjálmsson tæknimaður, fulltrúi háskólasamfélagsins

Hermann Óskarsson dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins

Jóna Jónsdóttir starfsmannastjóri, fulltrúi háskólaráðs

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir nemi, fulltrúi FSHA.

Rektor Háskólans á Akureyri: Stefán B. Sigurðsson prófessor

Framkvæmdastjóri: Ólafur Halldórsson

Gæðastjóri: Sigrún Magnúsdóttir

Fræðasvið og forsetar fræðasviða.

Háskólinn skiptist í þrjú fræðasvið skv. 7. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009 með síðari breytingum.

Heilbrigðisvísindasvið:

Árún Kr. Sigurðardóttir var forseti heilbrigðisvísindasviðs, fyrst ráðin í stöðuna árið 2009 til tveggja ára. Staðan var auglýst á árinu og var Árún ráðin til að gegna henni til tveggja ára. Hæfir umsækjendur um stöðuna voru tveir.

Staðgengill forseta var Hafdís Skúladóttir lektor.

**Hug- og félagsvísindasvið:**

Sigurður Kristinnsson var forseti hug- og félagsvísindasviðs, fyrst ráðinn í stöðuna árið 2008 til þriggja ára. Staðan var auglýst á árinu og var Sigurður ráðinn úr hópi þriggja hæfra umsækjenda til að gegna henni til tveggja ára.

Staðgengill forseta á vormisseri var Anna Þóra Baldursdóttir lektor og á haustmiseri Elin Díanna Gunnarsdóttir dósent.

Viðskipta- og raunvísindasvið:

Hans Kr. Guðmundsson var forseti viðskipta- og raunvísindasviðs.

Staðgengill forseta: Ögmundur Knútsson dósent

Fjármála-starfsmanna- og rekstrarsvið:

Úlfar Hauksson

Kennslusvið:

Forstöðumaður kennslusviðs á vormisseri: Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri, á haustmiseri Steinunn Aðalbjarnardóttir

Markaðs- og kynningarsvið:

Dagmar Ýr Stefánsdóttir

Rannsókn- og þróunarmiðstöð HA – RHA:

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir

Upplýsingasvið:

Astrid Margrét Magnúsdóttir

Reglur og stefnumál samþykkt af háskólaráði 2011:

Reglur nr. 322/2011 og 1134/2011 um breytingar á reglum um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri nr. 885/2009

Reglur um gæðaráð, samþykktar í háskólaráði 9. mars, settar á grundvelli 8. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009 með síðari breytingum

Endurskoðaðar reglur um veitingu viðurkenningar til starfsmanna HA, samþykktar í háskólaráði 13. apríl

Mannauðsstefna Háskólans á Akureyri 2011-2014, samþykkt í háskólaráði 27. júní

Verklagsreglur um akademísk gestastörf við Háskólann á Akureyri, samþykktar í háskólaráði 27. júní

Verklagsreglur um starfslok vegna aldurs við Háskólann á Akureyri, samþykktar í háskólaráði 26. ágúst

Reglur nr. 1135/2011 um breytingar á reglum um háskólafund Háskólans á Akureyri nr. 389/2009

Reglur nr. 1352/2011 um Vinnumatssjóð Háskólans á Akureyri





STEFÁN B. SIGURÐSSON

FORMÁLI REKTORS

Ársskýrsla HA fyrir 2011 kemur út óvenju snemma að þessu sinni. Fyrir vikið eru upplýsingar sem þar koma fram nýrri en áður hafa verið í ársskýrslu og ættu að ýmsu leyti að nýtast betur. Í skýrslunni er sem áður gerð grein fyrir starfsemi og þróun háskólans á ýmsum sviðum á liðnu ári.

Skólastarfið bar þess merki að þetta var þriðja ár þess mikla niðurskurðar sem háskólinn hefur þurft að búa við vegna samdráttar í opinberum útgjöldum. Innan háskólans var áfram haft að leiðarljósi að skerða námsframboð sem minnst eða rýra gæði þess og einnig að komast hjá uppsögnum starfsfólks. Rektor og framkvæmdastjórn hafði stöðugt samráð við stjórnendur sviða og deilda við að finna leiðir til hagræðingar. Með miklu aðhaldi og samstilltu átaki tókst að halda rekstri skólans innan áætlunar árið 2011.

Fjárhagsleg staða háskólans hefur batnað þrátt fyrir afar erfitt árferði og hefur skólanum tekist að greiða upp nær allan uppsafnaðan halla sem myndast hafði. Vonast er til að ekki komi til frekari niðurskurðar og að bjartari tímar séu framundan. Vil ég sérstaklega þakka starfsfólki fyrir mikilvægt framlag til þess verkefnis að gera háskólanum kleift að komast í gegnum efnahagsörðugleikana.

RES – Orkuskóli hætti starfsemi í upphafi ársins vegna mikilla fjárhagsörðugleika. Háskólinn á Akureyri tók að sér að halda utan um námslok nemendahópsins og brautskráði 43 nemendur í febrúar 2011.

Þegar litið er yfir heildarstarfsemi skólans á árinu er óhætt að segja að hún hefur verið mikil og metnaðarfull þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Brautskráðir nemendur voru til að mynda xxx talsins og hafa þeir aldrei verið fleiri. Nýbyggingin sem tekin var í notkun haustið 2010 nýttist eins og vonir stóðu til, en hún rúmar meðal annars móttöku, hátíðarsal, tæknivæddar kennslustofur og vinnurými fyrir nemendur. Húsnæðið hentar mjög vel til ráðstefnuhalds og fjölmargar glæsilegar ráðstefnur voru haldnar árið 2011. Af þeim má nefna IASSA ráðstefnu með yfir 400 þátttakendum.

Samstarfsnet opinberra háskóla var mjög virkt á árinu. Samstarfið byggir á stefnu mennta- og menningarmálaráðherra frá árinu 2010. Markmiðið með formlegu samstarfsneti opinberu háskólanna er að efla háskólakennslu, rannsóknir og nýsköpun víðs vegar á landinu. Um leið er stefnt að hagræðingu í rekstri háskólanna til að nýta fjármuni sem best.

Á vettvangi samstarfsins var í maí skrifað undir rammasamning um stöðþjónustu ásamt viðaukum um hugbúnaðarþróun

og akademískt mat. Felur það í sér sameiginlegt upplýsingakerfi fyrir nemendur, kennara og starfsfólk stjórnsýslu og stöðþjónustu allra opinberu háskólanna, sem og samræmt kerfi fyrir akademískt mat á starfsmönnum. Stefnt er að því að útvíkka samninginn svo hann nái til fleiri sviða stöðþjónustunnar. Þar er meðal annars horft til gæðaviðmiða og

„Markmiðið með formlegu samstarfsneti opinberu háskólanna er að efla háskólakennslu, rannsóknir og nýsköpun víðs vegar á landinu. Um leið er stefnt að hagræðingu í rekstri háskólanna til að nýta fjármuni sem best.“

gæðaeftirlits í meistara- og doktorsnámi, stuðnings við kennara og kennslufræðilegrar ráðgjafar og þjálfunar. Þá er unnið að þróun tæknilausna sem auðvelda fjarfundi, fjarnám og þráðlaus netsamskipti. Samningur um gagnkvæman aðgang nemenda að námsframboði háskólanna var undirritaður í desember. Nú geta nemendur skráð sig í námskeið við annan opinberan háskóla án þess að greiða aukalega og án þess að móttökuskólinn setji almenn takmörk á fjölda eininga sem gestanemandi tekur með þessum hætti. Nemendur þurfa þó að leita til síns heimaskóla áður til að tryggja að námskeið tekin í öðrum háskóla fái stöð og til viðkomandi prófgráðu.



Komið var á fót gæðaráði allra háskóla landsins (Quality Board) en í því eiga sæti erlendir sérfræðingar eingöngu. Gæðaráðið annast úttektir á íslenskum háskólum. Gæðaráðinu til ráðgjafar er ráðgjafanefnd (Quality Council) þar sem sitja rektorar háskólanna sjö auk þriggja annarra fulltrúa. Gæðaráðið hefur skrifað og gefið út gæðahandbók sem ber titilinn *Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education*. Háskólinn á Akureyri hefur góðar væntingar til samstarfs við gæðaráð háskólanna.

Ég vil þakka Guðrúnu M. Kristinsdóttur, ritstjóra ársskýrslunnar, og öllum þeim sem lögðu til efni í skýrsluna eða aðstoðuðu við gerð hennar með öðrum hætti.

NEMENDAFJÖLDI

Alls voru 1.670 nemendur skráðir til náms á haustmisseri 2011. Í staðarnám voru skráðir 711 nemendur, 685 í fjarnám og 274 stunduðu lotunám. Konur voru í miklum meirihluta eins og verið hefur eða 1.244 og karlar voru 426. Alls var 80 um-sækjendum sýnjað um skólavist.

Heildarfjöldi nemenda





STARFSMENN

Rannsóknarvirgni starfsmanna mæld í fjölda birtinga ritrýndra greina hefur vaxið hratt seinustu ár, en á árinu 2011 voru birtar um 60 ritrýndar tímaritsgreinar og þar af voru 27 greinar í ISI tímaritum. Á árinu 2010 voru birtingarnar 41 í ISI tímaritum. Birting ritrýndra fræðigreina hefur verið metinn einn ábyggilegasti mælikvarðinn á gæði rannsóknarstarfs sem háskólar ráða yfir og ljóst er að HA þarf að setja sér háleit markmið hvað það varðar. Þess má einnig geta að þó nokkuð er um metnaðarfulla innlenda ritrýnda útgáfu og má þar nefna bókina *Jón forseti allur?: Táknumyndir þjóðhetju frá andláti til samtíðar* sem Páll Björnsson prófessor við HA fékk íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir í flokki fræðiritna og bóka almenns efnis.



| Fastir starfsmenn | Karlar | Konur | Alls |
|-------------------|-----------|------------|------------|
| Prófessorar | 19 | 5 | 24 |
| Dósentar | 14 | 14 | 28 |
| Lektorar | 13 | 21 | 34 |
| Aðjúnktar | 6 | 13 | 19 |
| Sérfræðingar | 9 | 18 | 27 |
| Skrifstofufólk | 8 | 24 | 32 |
| Aðrir | 4 | 5 | 9 |
| Alls | 73 | 100 | 173 |

Á árinu hlutu eftirtaldir starfsmenn framgang eða fengu hæfisdóma í tengslum við ráðningar:

Andrea S. Hjalmsdóttir, lektor í tímabundnu starfi við hug- og félagsvísindasvið

Ásgrímur Angantýsson, lektor í tímabundu starfi við hug- og félagsvísindasvið

Berglind Rós Magnúsdóttir, lektor í tímabundnu starfi við hug- og félagsvísindasvið

Hermína Gunnþórsdóttir, lektor í tímabundnu starfi við hug- og félagsvísindasvið

Hilmar Þór Hilmarsson, prófessor við viðskipta- og raunvísindasvið

Kristinn P. Magnússon, prófessor við viðskipta- og raunvísindasvið

Kristrún Heimisdóttir, lektor við hug- og félagsvísindasvið

Markus Meckl, dósent við hug- og félagsvísindasvið

Rósa Kristín Júlíusdóttir, dósent við hug- og félagsvísindasvið

Sigfríður Inga Karlsdóttir, dósent við heilbrigðisvísindasvið

Sólveig Ása Árnadóttir, dósent við heilbrigðisvísindasvið

GÆÐAMÁL

Gæðaráð heldur fundi að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann en það hélt alls níu fundi árið 2011. Sæti í gæðaráði eiga rektor, forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri, gæðastjóri, forstöðumaður kennslusviðs, tveir fulltrúar starfsmanna háskólans og tveir frá nemendum. Rektor er formaður ráðsins.

„Í lok árs var tilkynnt að Háskólinn á Akureyri hlyti svokallaða *Diploma Supplement* viðurkenningu sem þýðir að skírteinisviðaukar sem skólinn gefur út og fylgir brautskráningargögnum nemenda eru unnir skv. settum fyrirmælum.“

Á árinu sátu eftirtaldir fundi í gæðaráði: Stefán B. Sigurðsson rektor, Árún Kr. Sigurðardóttir forseti heilbrigðisvísindasviðs og Hafdís Skúladóttir staðgengill hennar, Hans Kr. Guðmundsson forseti viðskipta- og raunvísindasviðs og Ögmundur Knússon staðgengill hans, Sigurður Kristinsson forseti hug- og félagsvísindasviðs og Anna Þóra Baldursdóttir og Elín Díanna Gunnarsdóttir staðgenglar hans en Elín Díanna sat einnig í ráðinu sem fulltrúi akademískra starfsmanna, Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri, Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri, Solveig Hrafnisdóttir náms- og starfsráðgjafi sem staðgengill Sigrúnar (sem forstöðumaður kennslusviðs) fram að júní-fundi ráðsins, Steinunn Aðalbjarnardóttir sem forstöðumaður kennslusviðs frá júnífundum ráðsins, Heiða Kristín Jónsdóttir fulltrúi starfsmanna, fyrst sem varamaður en síðar aðalmaður. Þorbjörg Ólafsdóttir sat fyrst sem varafulltrúi nemenda en síðar annar tveggja aðalfulltrúa þeirra og Kolbrún Eva Ríkhardsdóttir sem hinn.

Meginhlutverk gæðaráðs er sem fyrr að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að hann standist ávallt þær kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Gæðaráð fjallaði um námsmat, námskeiðsmat og miðmissisernámskeiðsmat sem lagt var fyrir í fyrsta sinn á árinu, leiðbeiningar um prófsýningar fyrir fjarnema og rannsóknarvirkni akademískra starfsmanna svo eitthvað sé

nefnt af hefðbundnum viðfangsefnum ráðsins. Af öðrum verkefnum má nefna að við upphaf haustmissisris var farið yfir stöðu rafrænna kennsluáætlana en skv. reglum háskólans eiga þær að liggja fyrir við upphaf kennslu. Gæðaráð samþykkti verklagsreglur um akademísk gestastörf við HA sem ekki hafa verið til áður. Einnig var á árinu gerð ítarleg

úttekt á stöðu innleiðingar hæfniviðmiða eins og þau birtast í kennsluskrá haustsins 2011. Í framhaldi af því var ákveðin aðgerðaáætlun á öllum fræðasviðum og boðið upp á fræðslu á kennaradögum um hæfniviðmið á vegum Bolognasérfræðinganna sem starfa fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Loks skal þess getið að gæðaráð stuðlaði að endanlegri samþykkt mannaútsstefnu HA í háskólaráði en hún hafði verið í vinnslu um nokkurt skeið.

Í lok ársins var tilkynnt að Háskólinn á Akureyri hlyti svokallaða *Diploma Supplement* viðurkenningu sem þýðir að skírteinisviðaukar sem skólinn gefur út og fylgja brautskráningargögnum nemenda eru unnir skv. settum fyrirmælum. Formleg afhending viðurkenningarinnar fer fram við athöfn í Kaupmannahöfn í maí 2012, í tengslum við 25 ára afmæli Erasmusáætlunarinnar.



Meðal framfara- og umbótamála sem gæðaráð vann að má nefna að á vegum þess hefur starfað teymi um brotthvarf nemenda frá námi. Teymið hefur safnað tölu- legum upplýsingum um brotthvarf, staðið fyrir viðamikilli könnun meðal nemenda um námsumhverfi og brotthvarf og unnið að beinum aðgerðum til að hindra það.

Kannanateymið sem starfar á vegum gæðaráðs vann ótullega á árinu og var viðamesta verkefni þess starfsmannakönnun sem lögð var fyrir á vormisseri og RHA vann úr fyrir teymið. Könnunin náði til alls starfsfólks að undanskildum stundakennurum og starfsfólki í minna en þriðjungs stöðugildum. Svarhlutfall var 71.9% og voru það 115 starfsmenn sem svöruðu. Ákveðið var að framkvæmdastjórn, gæðastjóri, full-



trúar háskólasamfélagsins í háskólaráði og formaður Félags háskólakennara á Akureyri rýndu niðurstöður könnunarinnar og legðu til áætlun um hvernig bregðast skuli við og var hún kynnt starfsmönnum á opnum fundi þeirra.

Skýrsla um úttekt á lögfræðinámi í HA á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis barst á árinu. Hætt var við fyrirhugaða úttekt á viðskiptafræði þó að sjálfsmatsskýrslu hafi verið skilað inn þar sem nýtt fyrirkomulag vegna gæðamála háskóla hefur tekið gildi. Komið var á fót gæðaráði allra háskóla landsins (*Quality Board*) en í því eiga sæti erlend- ir sérfræðingar eingöngu. Gæðaráðið annast úttektir á íslensk- um háskólum framvegis. Gæðaráðinu til ráðgjafar er ráðgjafa- nefnd (*Quality Council*) þar sem sitja rektorar háskólanna sjö auk þriggja annarra fulltrúa. Gæðaráðið hefur skrifað og gefið út gæðahandbók sem ber titilinn *Quality Enhancement Hand- book for Icelandic Higher Education*. Þar er megingildum sem þurfa að vera þungamiðjan í öllu í gæðastarfi háskóla lýst en rauði þráðurinn er upplifun nemenda af náminu. Einnig er lögð áhersla á að gæðastarf sé fyrst og fremst umbótamiðað. Gæðaráð Háskólans á Akureyri hefur góðar væntingar til sam- starfs við gæðaráð háskólanna.







GÓÐVINIR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Góðvinir eru samtök nemenda sem brautskráðir eru frá Háskólanum á Akureyri, og annarra velunnara háskólans. Brautskráðir nemendur verða sjálfkrafa meðlimir í félaginu við brautskráningu. Markmið þess eru að auka tengsl háskólans við fyrrum nemendur sína og styðja við uppbyggingu háskólans eftir fremsta megni, fjárhagslega og á annan hátt. Þetta gera Góðvinir meðal annars með því að heiðra nemendur við brautskráningu, innheimta félagsgjöld og styðja við háskólann með gjöfum.

Aðalfundur Góðvina fyrir árið 2011 verður haldinn í maí 2012 í Háskólanum á Akureyri. Starfsemi félagsins var með rólegasta móti árið 2011.

Félagið tók þátt í að halda veislu eftir brautskráningu kandi-data í júní en þangað var afmælisárgöngum boðið. Þátttakan var góð, bæði meðal afmælisárganga og nýbrautskráðra stúdenta.

Góðvinir heiðra árlega við brautskráningu einn nemanda frá hverju fræðasviði. Verðlaunin eru gullnælur sem Kristín Petra Guðmundsdóttir gullsmiður hannar og smíðar sérstaklega fyrir Góðvini. Eftir tilnefningar frá fræðasviðum og markaðs- og kynningarstjóra vorið 2011 voru valdir eftirtaldir einstaklingar sem unnið höfðu óeigingjarnt starf í þágu háskólans á þeim tíma sem þeir voru við nám:

Hjúkrunarfræðideild: Lára Kristín Jónsdóttir

Kennaradeild: Þorbjörg Ólafsdóttir

Auðlindadeild: Eyrún Elva Marinósdóttir

Til viðbótar heiðruðu Góðvinir Svein Arnarsson úr félagsvísinda- og lagadeild fyrir lofsvert framtak við að kynna háskólann og starf í þágu hans.

Í stjórn Góðvina árið 2011 störfuðu eftirtaldir:

Andrea S. Hjalmsdóttir - formaður

Eyrún Elva Marinósdóttir - varaformaður

Njáll Trausti Friðbertsson - meðstjórnandi

Steinunn Aðalbjarnardóttir - gjaldkeri og fulltrúi HA

Kristín Baldvinsdóttir - fulltrúi Félags stúdenta við HA

Dagmar Ýr Stefánsdóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi HA, er starfsmaður Góðvina.



Verðlaunaveiting Góðvina á brautskráningu. Frá vinstri. Andrea S. Hjalmsdóttir formaður Góðvina, Lára Kristín Jónsdóttir, Eyrún Elva Marinósdóttir, Þorbjörg Ólafsdóttir, Svein Arnarsson, Stefán B. Sigurðsson rektor.

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Vorið 2011 brautskráðust alls 72 nemendur frá heilbrigðisvísindasviði, þar af 43 með B.S. próf í hjúkrunarfræði og níu með B.S. próf í iðjubjálfunarfræði. Úr framhaldsnámi í heilbrigðisvísindum brautskráðust átta með 120 ECTS eininga meistaraþáttu, átta með 60 ECTS eininga viðbótarpróf á meistarastigi og fjórir með 40 ECTS eininga viðbótarpróf á meistarastigi.

Á haustmisseri 2011 voru samtals 390 nemendur við nám á heilbrigðisvísindasviði. Nám í hjúkrunarfræði stunduðu 240 nemendur en af þeim var 131 nemandi í fjarnámi. Í iðjubjálfunarfræði voru 103 nemendur, þar af 62 í fjarnámi. Í framhaldsnámi í heilbrigðisvísindum voru 47 nemendur, 22 í viðbótarnámi á meistarastigi og 25 í meistaranámi.

„Leiðarljós í skipulagi meistaranáms í heilbrigðisvísindum er þverfagleg áhersla á heilsu, virkni og vellíðan. Þetta leiðarstef hefur gefið tilefni til áhugaverðra rannsóknarverkefna í tengslum við meistaranámið.“

Fastir starfsmenn heilbrigðisvísindasviðs eru 30, þar af eru fjórir ráðnir til Heilbrigðisvísindastofnunar Háskólans á Akureyri – HHA. Auk fastra starfsmanna koma tugir stundakennara að kennslu á fræðasviðinu. Allir fastir starfsmenn eiga sæti á deildafundum heilbrigðisvísindasviðs ásamt fulltrúum stundakennara og nemenda.

Ágætt samstarf er við háskóla á Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum, Kanada og víðar.

Stjórnskipulagi heilbrigðisvísindasviðs er lýst í reglum nr. 610/2009.

Rannsóknir

Rannsóknarstarfsemi er oflug á heilbrigðisvísindasviði og kennarar sviðsins eru í rannsóknarsamstarfi við erlenda og innlenda fræðimenn. Gagnasöfnun í alþjóðlega rannsóknarverkefninu

Eflandi fræðsla til liðskiptasjúklinga – mat og alþjóðlegur samanburður, lauk um mitt ár, en þátttakendur í því eru frá sjö löndum í Evrópu og notaðir eru tíu staðlaðir spurningalistar. Rannsóknir er lúta að þróun kenninga hafa verið nokkuð áberandi, má þar nefna kenningu um langvinna verki kvenna, kenningu um meginatriði í góðri hjúkrun og meginatriði í góðri ljósmæðraþjónustu.

Áfram er unnið að rannsóknum meðal fólks með lungnasjúkdóma, í samstarfi við Uppsalaháskóla, og að rannsókn um upplifun fólks af bráðþjónustu á geðdeildum, endurhæfingaráþjónustu og starfsendurhæfingu fullorðinna. Sú rannsókn er gerð í samvinnu við félagasamtök og stofnanir hérlendis. Þremur rannsóknarverkefnum, sem snéru að öldrun í sveit og

bæ og virkni, sjálfsmati á heilsu og lyfjanotkun lauk. Gagnasöfnun fyrir rannsóknina *Langvinnir verkir; notkun á heilbrigðisþjónustu og heilsutengd lífsgæði* lauk í maí. Viðamiklar upplýsingar um líðan, aðgengi að og samskipti við heilbrigðisþjónustu, fengust frá 1586 einstaklingum. Unnið er að rannsóknum á starfslokum sjómanna, upplifun kvenna af sársauka og meðferð við sársauka í fæðingu og á væntingum og viðhorfum barnshafandi kvenna til sársauka og meðferðar við sársauka. Einnig eru í gangi þýðingar og aðlögun matstækja að íslenskum veruleika tengdum fræðum sviðsins. Rannsóknarverkefni í

tengslum við mannlíf á norðanverðum Tröllaskaga og á heilbrigðismálum Fjallabyggðar heldur áfram. Verkefnið tengist Héðinsfjarðargöngum. Þar eru könnuð viðhorf og reynsla íbúa af heilbrigðisþjónustu í sínum byggðarlögum fyrir og eftir opnun ganganna. Þá ber að nefna langtímarannsókn á aðstæðum og viðhorfum nemenda með hreyfihömlun, rannsóknir á þjónustu við fötlúð börn og fjölskyldur þeirra í samvinnu við Akureyrarbæ og Æfingastöðina, sjálfstæða heilbrigðisstofnun á Reykjavíkursvæðinu, sem og rannsóknir á lífsgæðum barna og unglinga.

Kennarar fræðasviðsins tóku virkan þátt í vísindaráðstefnum heima og erlendis.

Málþing og ráðstefnur

Nokkur málþing og ráðstefnur voru haldin á vegum fræðasviðsins á árinu 2011. Má þar nefna málþing um eiginlegar rannsóknir sem bar nafnið *Eigindlegt samræðuþing*. Málþingin



Í septemberlok var haldin í HA ráðstefnan *Hjúkrun 2011 – öryggi, gæði, forvarir.*

tókust afar vel og voru vel sótt. Málstofur heilbrigðisvísindasviðs hafa verið haldnar einu sinni í mánuði allt skólaárið og hefur aðsókn verið góð.

HJÚKRUNARFRÆÐI

Nám í hjúkrunarfræði er 240 ECTS einingar, tekur fjögur ár og lýkur með B.S. gráðu. Markmið námsins er að búa nemendur undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum svo og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu.

Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar og hjúkrunarfræðigreinar. Námið tekur mið af þörfum íslenska heilbrigðiskerfisins jafnframt því að mæta alþjóðlegum staðli.

Beita þurfti fjöldatakmörkunum í hjúkrunarfræði haustið 2011 en 107 nemendur hófu þá nám. Fimmtíu nemendur mega halda áfram námi á vormisseri fyrsta árs. Klínískt nám hefst strax á fyrsta námsári. Fer það fram víða um land og tekur samtals 24 vikur.

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Hjúkrunarfræðideild hefur sett fram stefnu um að með hverjum árgangi í staðarnámi í hjúkrunarfræði fylgi hópur fjarnemenda. Miðað er við að a.m.k. tíu nemendur hefji fjarnámið hverju sinni. Haustið 2011 voru 18 fjarnemendur á fjórða ári á Ísafirði og Sauðárkróki, 29 nemenda hópur á þriðja ári í Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum. Á öðru ári voru 25 nemendur í fjarnámi á Akranesi og 54 fyrsta árs nemendur stunduðu nám á Selfossi.

Hjúkrunarfræðideild býður hjúkrunarfræðingum með próf úr Hjúkrunarskóla Íslands að ljúka B.S. námi við deildina en um þessar mundir er enginn nemandi sem notfærir sér það.

Ellefu erlendir skiptinemar frá Danmörku, Svíþjóð og Noregi stunduðu klínískt nám á Íslandi á vegum hjúkrunarfræðideildar árið 2011.

IÐJUBJÁLFUNARFRÆÐI

Nám í iðjubjálfunarfræði er 240 ECTS einingar, tekur fjögur ár og lýkur með B.S. gráðu. Markmið námsins er að búa nemendur undir að gegna margvíslegum störfum er tengjast iðjubjálfun á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu auk þess að veita góða undirstöðu í skipulagningu og stjórnun þjónustu.

Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar, heilbrigðisvísindi og iðjuvísindi. Námið tekur mið af þörfum íslenska heilbrigðiskerfisins jafnframt því að mæta alþjóðlegum staðli. Lögð er áhersla á að nemendur séu virkir þátttakendur í faglegri þróun og samstarfi bæði hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi. Vettvangsnám í iðjubjálfun er 25 vikur og hefst í lok annars námsárs. Það fer fram undir handleiðslu iðjubjálfa víða um land. Fjöldatakmörkanir eru við deildina og miðast við 25 nemendur að loknu fyrsta misseri.

Eingöngu er hægt að nema iðjubjálfunarfræði hér á landi við Háskólann á Akureyri, sem staðarnám frá 1997 og sem fjarnám frá haustinu 2008. Fjarnemar stunda nám í sinni heimabyggð og dreifast því um allt land en koma í námslotur til Akureyrar á hverju misseri. Fjarkennsluhættir eru í stöðugri þróun í samvinnu kennara, nemenda og tæknifólks HA. Stærsti hluti kennslunnar fer fram yfir internetið.

Árið 2011 fóru tveir nemendur iðjubjálfunarfræðideildar í skiptinám til Svíþjóðar og Danmerkur og fimm nemendur komu í skiptinám frá Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi.

Framhaldsnám í heilbrigðisvísindum

Haustið 2003 hófst 120 ECTS eininga meistaranám í heilbrigðisvísindum við heilbrigðisvísindasvið. Námið byggir á þverfaglegum grunni. Það er byggt upp af 60 ECTS einingum í námskeiðum og meistaranám sem er 60 ECTS einingar að jafnaði. Þrjú námskeið, samtals 30 einingar, eru skyldunámskeið en hinar 30 einingar eru valnámskeið, þar af skal nemandi að öllu jöfnu taka tvö námskeið innan heilbrigðisvísindasviðs. Námið veitir prófgráðuna M.S. í heilbrigðisvísindum. Einnig er hægt að ljúka 40 eininga viðbótarprófi á meistarastigi sem veitir Dipl. S. í heilbrigðisvísindum.

Flestir framhaldsnemar velja sér almennt svið innan framhaldsnámsins og þróa þá sérsvið sitt sjálfir með aðstoð ráðgjafa út frá áhugasviði sínu. Í meistaranáminu er lögð áhersla á að nemar velji sér námskeið sem undirbyggja sem best meistaraverkefni þeirra.

Sérsvið sem eru í boði: Ölðrun og heilbrigði, Stjórnun innan heilbrigðisþjónustunnar, Langvinn veikindi, Krabbamein og líknandi meðferð og Fötlun og samfélag.

Leiðarljós í skipulagi meistaranámsins í heilbrigðisvísindum er þverfagleg áhersla á heilsu, virkni og vellíðan. Þetta leiðarstef hefur gefið tilefni til áhugaverðra rannsóknarverkefna í tengslum við meistaranámið.

Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri

Hlutverk Heilbrigðisvísindastofnunar HA – HHA er að vera sameiginlegur vettvangur starfsmanna FSA (Sjúkrahússins á Akureyri) og HA til eflingar kennslu, þjálfunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum, miðlunar þekkingar og kynningar á rannsóknum starfsmanna. Á árinu störfuðu mest fimm starfsmenn við stofnunina, allir í hlutastörfum. Auk stöðu forstöðumanns er ein staða prófessors, ein staða dósentis og tvær lektorsstöður. Starfsmaður í lektorsstöðu sagði stöðu sinni lausri á árinu. Starfsmenn komu að kennslu við heilbrigðisdeild HA á sínum sérsviðum.

Megináhersla var lögð á að gera rannsóknir starfsmanna sýnilegar og aðgengilegar auk þess að efla rannsóknarvirki starfsmanna FSA og tengja verkefni nemenda HA við þarfir FSA. Í maí var haldin vísindadagur í samstarfi við Sjúkrahúsið á Akureyri þar sem starfsmenn kynntu rannsóknir sínar.



Mynd: F.v. Snæfríður Þóra Egilson, Júlía Hansdóttir formaður Iðjupjálfafélags Íslands formaður Iðjupjálfafélags Íslands og Guðrún Pálmadóttir.

Í maí kom út bókinn Iðja heilsa og velferð: *Iðjupjálfun í íslensku samfélagi*, gefin út af HA. Ritstjórar bókarinnar eru Guðrún Pálmadóttur dósent og Snæfríður Þóra Egilson prófessor, báðar við heilbrigðisvísindasvið HA. Bókin er fyrsta fræðilega ritið um iðjupjálfun á íslensku og er hún ætluð nemum í iðjupjálfun, starfandi iðjupjálfum og öðru fagfólki í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Lögð er áhersla á veita heildstæða sýn á samspil einstaklings, umhverfis og iðju, og auk þess aðgengilegar og áhugaverðar upplýsingar sem gagnast almennum lesendum. Alþjóðlegur dagur iðjupjálfunar var haldinn þann 27. október.

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Hug- og félagsvísindasvið skiptist í þrjár deildir: Félagsvísindadeild, kennaradeild og lagadeild. Innan hug- og félagsvísindasviðs er einnig miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri og starfar hún í gagnvirkum tengslum við kennaradeild. Hlutverk hug- og félagsvísindasviðs er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í hug- og félagsvísindum, þar með talið félagsvísindum, lögfræði og menntavísindum.

Vorið 2011 brautskráðist 271 nemandi af hug- og félagsvísindasviði. Frá félagsvísindadeild brautskráðust 38

kandídatar, þar af voru átta með B.A. próf í fjölmiðlafræði, fjórir í nútímafræði, tveir í samfélags- og hagbróunarfræði, 16 í sálfræði, og sex í þjóðfélagsfræði, einn nemandi brautskráðist með samsetta gráðu í samfélags- og hagbróunarfræði og lögfræði og annar með sálfræði og þjóðfélagsfræði. Frá kennaradeild brautskráðust 206 kandídatar, þar af 19 frá leikskólabraut, 20 frá grunnskólabraut, 127 með kennslufræði til kennsluréttinda, sem er 59 % fjölgun frá fyrra ári, 22 með diplómu í menntunarfræðum og 18 með meistara-gráðu í menntunarfræðum. Frá lagadeild voru brautskráðir 27 kandí-



Hug- og félagsvísindasvið tók sem fyrr á móti stórum hluta þeirra erlendu skiptinema sem stunduðu nám við Háskólann á Akureyri á árinu, enda kennt á ensku í allmörgum námskeiðum í félagsvísindadeild og lagadeild, þar með talið heilli námsbraut í heimskautarétti, auk þess sem á sviðinu voru vistuð sérnámskeið fyrir erlenda skiptinema. Einnig voru nemendur úr öllum deildum sviðsins skiptinemar við erlenda háskóla og Háskóla Íslands.



datar, þar af 14 með B.A. próf í lögfræði, tíu með M.L. gráðu í lögfræði, einn með M.A. gráðu í heimskautarétti og tveir með diplómu í heimskautarétti.

Á haustmisseri 2011 voru 670 nemendur skráðir til náms á hug- og félagsvísindasviði. Í félagsvísindadeild voru skráðir 267 nemendur, sem er 62% fjölgun frá fyrra ári, þar af tíu í nýju námi í félagsvísindum, 46 í fjölmiðlafræði, 48 í nútímafræði, fimm í samfélags- og hagbróunarfræði, 143 í sálfræði, 13 í þjóðfélagsfræði og tveir í rannsóknartengt meistaranám í félagsvísindum. Í kennaradeild voru 289 nemendur, þar af 115 í B.Ed. námi samkvæmt nýju námsskipulagi, 17 eldri nemar á leikskólabraut, sex eldri nemar á grunnskólabraut, 35 í kennslufræði til kennsluréttinda og 116 í diplóma- og meistaranámi. Í lagadeild voru 109 nemendur, þar af 63 í B.A. námi í lögfræði, 25 í M.L. námi og 21 í námi í heimskautarétti. Að auki voru fimm nemendur skráðir í nám á fræðasviðinu utan hefðbundinna brauta.

Fastir starfsmenn hug- og félagsvísindasviðs voru 53 haustið 2011, þar af 14 í félagsvísindadeild, 25 í kennaradeild, sex í lagadeild og átta á miðstöð skólabróunar. Stöðugildi voru 42 og eftir flutninga á miðju ári 2010 var vinnuaðstaða starfsmanna nú öll komin á einn stað á Sólborg. Auk fastra starfsmanna kom að starfi sviðsins fjöldi stundakennara að viðbættum leik- og grunnskólakennurum víðs vegar um land sem tók að sér að veita nemendum leiðsögn í vettvangsnámi og æfingakennslu.

Fjölbreyttar rannsóknir voru stundaðar á hug- og félagsvísindasviði og áttu kennarar og sérfræðingar í samstarfi við fjölmarga aðila innanlands og erlendis. Rannsóknir kennara og sérfræðinga birtust í íslenskum og alþjóðlegum ritrýndum vísindatímaritum, bókum og bókarköflum, auk ótal fyrirlestra og erinda á ráðstefnum, námstefnum og námskeiðum innanlands sem utan. Helstu rannsóknarsvið hverrar deildar eru tíunduð í umfjöllun um hverja þeirra hér á eftir.

FÉLAGSVÍSINDAEILD

Boðið er upp á þriggja ára B.A. nám í fjölmiðlafræði, nútímafræði, sálfræði og í félagsvísindum. Námið felur í sér fjölbjóðlegar tengingar og kennt er bæði á íslensku og ensku.

Deildin bauð upp á staðarnám í þessum greinum, en haustið 2011 var í fyrsta sinn einnig boðið upp á fjarnám í öllum greinunum. Til viðbótar þessu var í boði rannsóknartengt meistaranám þar sem nemendur gátu tekið M.A. gráðu sem tengdist sérsviði tiltekins kennara deildarinnar samkvæmt sérstöku skipulagi. Þetta var fyrsta árið sem boðið var upp á B.A. gráðu í félagsvísindum (sjá hér að neðan) en sú námslína er í raun arftaki námsframboðs í þjóðfélagsfræði annars vegar og samfélags- og hagbróunarfræði hins vegar. Gömlu námslínurnar tvær eru þó kenndar áfram þannig að þeir sem hafið höfðu nám í samfélags- og hagbróunarfræði eða þjóðfélagsfræði ljúka því samkvæmt námskrá.

Bæði fjarnámið og hið nýja námsframboð í félagsvísindum fengu góðar viðtökur og hafa þessar nýjungar leitt af sér umtalsvert samstarf við aðra ríkisháskóla og svarað vaxandi kröfum um meiri fjölbreytileika í námsframboði.

Ráðstefnur og opnir fyrirlestrar um félagsvísindaleg og hugvísindaleg efni eru fastur þáttur í starfi félagsvísindadeildar. Félagsvísindadeild og einstakir kennarar tóku virkan þátt í slíkum viðburðum á árinu, bæði sem fyrirlesarar á viðburðum við Háskólann á Akureyri og annars staðar.

Rannsóknarsvið kennara í félagsvísindadeild er afar fjölbreytt og nær til ýmissa þátta hug- og félagsvísinda. Má þar nefna viðfangsefni í Íslandssögu, alþjóðlegri hagbróunar- og hugmyndafræði, fjölmiðla og boðskipti ýmissa þjóðfélagshópa, áhrif samgöngumannvirkja á þjóðfélagsgerð landsins, heilsu og hugmyndir skólabarna, auk hugfræðilegra, lífeðlisfræðilegra og klínískra athugana í sálfræði.

Fjölmiðlafræði

Fjölmiðlafræði skoðar gangvirki fjölmiðlanna og stöðu þeirra og áhrif í samfélaginu. Háskólinn á Akureyri er eini háskólinn á Íslandi sem býður nám í fjölmiðlafræði til B.A. prófs. Fjölmiðlafræðinámið tekur mið af þeirri þróun sem hefur orðið á þessu sviði í helstu háskólum á Vesturlöndum þar sem reynt er að samþætta faglega þekkingu sem kennd hefur verið í svonefndum blaðamannaskólum og fræðilega þekkingu og aðferðafræði sem kennd hefur verið í hefðbundnu háskólanámi. Slík samtvinnun er talin eftirsóknarverð í námi af þessu tagi og til þess ætluð að gera nemendur hæfari til að takast

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

á við samfélagsbreytingar sem fylgja upplýsingatæknibyltingunni og síhækkandi almennu menntunarstigi. Nemendur taka þátt í gerð ýmiss konar fjölmiðlaefnis í prent- og ljósvakamiðlum og áberandi er hve margir útskriftarnemar hafa fengið störf á fjölmiðlum eða í fjölmiðlatengdum störfum.

Nútímafræði

Nútímafræði er þverfagleg grein á sviði hugvísinda og er Háskólinn á Akureyri eini íslenski háskólinn sem býður nám í þessari grein. Námið er þverfaglegt vegna þess að fjallað er um nútímann, þ.e. lífshætti og viðhorf síðustu tveggja alda, frá mörgum hliðum, svo sem frá sjónarhóli heimspeki, sagnfræði, bókmenntafræði og ýmissa greina félagsvísinda. Nútímafræði er heppilegur kostur fyrir þá sem vilja afla sér viðtækrar menntunar í hugvísindum og hún er jafnframt góður undirbúningur fyrir framhaldsnám í ýmsum greinum hug- og félagsvísinda.

Sálfræði

Sálfræði leitast við að skilja og útskýra mannlega hegðun, hugsun og tilfinningar. Sálfræðinámið við Háskólann á Akureyri er fjölbreytt og veitir grunnþekkingu á sálfræði sem fræðigreini. Í náminu er meðal annars lögð áhersla á að veita almenna þekkingu á mismunandi sviðum fræðigreinarinnar, bæði hvað varðar kenningar og rannsóknaraðferðir. B.A. próf í sálfræði veitir því ekki sérhæfingu á ákveðnu sviði innan sálfræðinnar heldur fá nemendur gott tækifæri til að kynna sér hin margvíslegu svið hennar. Það auðveldar þeim val á áhugasviði sem þeir geta síðan lagt stund á í framhaldsnámi.

Félagsvísindi

B.A. nám í félagsvísindum byggir á kenningalegum og aðferðafræðilegum grunni félagsvísinda. Námið byggir einkum á félagsfræði, mannfræði og stjórnmálafræði og veitir nemendum grunn í kenningum og aðferðafræði þeirra fræðigreina. Jafnframt eiga nemendur kost á sérhæfingu í byggðafræði, ferðamálafræði, kynjafræði, samfélags- og hagróunarfræði og æskulýðsfræði. Nemendur öðlast innsýn í eðli mannlægs samfélags og hreyfilögmál félagsgerðar, menningar, stjórnmála og efnahagslífs. Námið veitir umtalsverða þjálfun í aðferðafræði félagsvísinda, skipulagningu rannsókna- og framsetningu á niðurstöðum fyrir almenning og fræðimenn. Námið er sambærilegt við B.A. nám í einstökum undirgreinum félagsvísindanna við aðra innlenda og erlenda háskóla. Að

námi loknu hafa nemendur traustan grunn til framhaldsnáms og margvíslegra starfa á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

B.A. nám í félagsvísindum er hægt að stunda með eftirtöldum fyrirfram skilgreindum áherslugreinum:

- A) Almenn félagsvísindi með valnámskeiðum að eigin vali.
- B) Byggðafræði með áherslu á byggðapróun á Íslandi, fólksflutninga innan lands og utan, áhrif samgöngubóta á afskekkt samfélög, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni, stjórnmál, stjórnsýslu og stefnumótun í byggðamálum.
- C) Ferðamálafræði með áherslu á samfélagsrýni og skilning á samtímamenningu í samhengi við markaðssetningu og stjórnun í ferðaþjónustu í dreifðum byggðum Íslands og sambærilegum jaðarsvæðum við Norður – Atlantshaf.
- D) Kynjafræði með áherslu á kynjun og kyngervi, stöðu kynjanna í dreifbýli og þéttbýli, breytingar á jafnréttisviðhorfum og verkaskiptingu á heimilum, fjölskyldugerðir og líðan barna, kynhegðun unglunga og stöðu samkynhneigðra í samfélaginu.
- E) Norðurslóðafræði með áherslu á félagslega, hagræna, menningarlega og pólitíska þætti þróunar á Norðurslóðum í samhengi við hnattvæðingu, umhverfisbreytingar, auðlindanýtingu, atvinnu- og byggðamál, mannauð og sjálfbærni.
- F) Æskulýðsfræði með áherslu á unglíngamenningu, áhættu- hegðun, kynheilbrigði, íþrótt- og tómstundastarf, framtíðar- áform og tengsl milli kynslóða í samhengi við sérstöðu Íslands og almenna þjóðfélagsþróun á Vesturlöndum

KENNADEILD

Árið 2011 var fyrsta heila starfsár kennaradeildar á nýjum slóðum í heimkynnum háskólans að Sólborg og hefur starfsemin nú aðlagast breyttu umhverfi og starfsmenn kunna vel að meta að eiga nú jafngreiðan aðgang að þjónustu og aðrar deildir.

Kennarar deildarinnar eiga í samstarfi um rannsóknir og ýmsa aðra þætti sem starfsemina varða við fjölmarga aðila bæði hér á landi og erlendis. Á árinu 2011 birtust rannsóknir kennara í íslenskum og alþjóðlegum ritrýndum vísindatímaritum, bókum og bókaköflum og þeir héldu fjölmarga fyrirlestra og erindi á ráðstefnum, námsstefnum og námskeiðum innanlands sem utan. Viðfangsefni í rannsóknum spanna vítt svið



menntunar- og kennarafræða og tengjast skólastarfi, svo sem skólaþróun, heimspeki menntunar, sérkennslufræði, lestrarfræði, skólastjórnun, sagnfræði, íslenskum fræðum, uppeldis- og kennslufræði, jafnrétti, sálfræði og upplýsingatækni í skólastarfi.

Kennarabraut

Á haustmisseri 2011 hófu fjarnemar á leikskóla- og grunnskólabraut nám á síðasta námsári í bakkalárnámi skv. eldra skipulagi og verða þeir síðustu nemendur til að brautskrást frá kennaradeild með 3ja ára nám sem veitir leyfisbréf til kennslu. Jafnframt hóf fyrsti hópurinn sem innritaður er skv. nýju námsskipulagi í fimm ára kennaranám síðasta námsárið í bakkalárluta þess. Nemendum í nýju skipulagi er kennt saman á fyrsta námsári óháð þeirri námsleið sem þeir síðan velja sér á öðru námsári í samræmi við það skólastig sem þeir hyggjast kenna á. Kennsla fer fram í staðar- og fjarnámi og í staðarlotum sem báðir hópar sækja. Kennt var til samtals 15 fjarkennslustaða. Nokkrir kennaranemar eru skiptinemar við aðra háskóla bæði innanlands og utan.

Framhaldsbraut

Á framhaldsbraut var haustið 2011 boðið upp á sex námsleiðir á meistarastigi. Diplómunám, sem er 60 einingar, 120 eininga M.Ed. nám og 120 eininga rannsóknartengt M.A. nám. Námið er ætlað kennurum og öðrum sem vilja mennta sig til starfa í menntakerfinu sem krefjast framhaldsmenntunar og auka þekkingu sína á núverandi starfi, ásamt því að bæta við hæfni sína til að stunda frekara nám eða leggja stund á rannsóknir. Hægt er að stunda námið á eftirtöldum áherslusviðum, lestrarfræði, námskrár- og kennslufræði, sérkennslufræði og stjórnun skólastofnanna auk almenns meistaranáms. Þrjár námsleiðir í kennslufræði til kennsluréttinda voru í boði, 60 og 120 eininga nám sem skipulagt er eftir því á hvaða skólastigi nemendur hyggjast afla sér leyfisbréfs til kennslu. Námið er ætlað þeim sem hafa lokið bakkalárprófi, meistaraþrófi eða sambærilegu háskólaþrófi í kennslugrein eða á fagsviði grunn- og framhaldsskóla. Markmið námsins er að mennta nemendur í uppeldis- og kennslufræði og búa þá undir að takast á við störf í skólakerfinu jafnframt því að auka hæfni þeirra til þess að stunda frekara nám. Kennsla á framhaldsbraut fer fram í staðbundnum lotum þar sem nemendur koma og eru í skólanum nokkra daga í senn þrisvar til fjórum sinnum á misseri.

LAGAÐEILD

Í lagadeild er boðið upp á þriggja ára B.A. nám í lögfræði, tveggja ára M.L. nám í lögfræði og alþjóðlegt meistaranám í heimskautarétti sem leiðir til LL.M. gráðu, M.A. gráðu eða diplómu. Nám í heimskautarétti fer alfarið fram á ensku en auk þess er B.A. námið alþjóðlegt að hluta og kennt bæði á íslensku og ensku.

„Nám í heimskautarétti til M.A. gráðu er tveggja ára nám á meistarastigi fyrir nemendur með bakkalárpróf í skyldum greinum eða sambærilega gráðu. Í náminu er lögð áhersla á þau svið alþjóðalaga og landsréttar sem tengjast heimskautasvæðunum.“

Lögfræði til B.A. prófs

Meginmarkmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu á undirstöðum lögfræðinnar með áherslu á lagaframkvæmd á Íslandi, í Evrópu og víðar. Nemendur læra að fjalla með gagnrýnum hætti um lögfræðileg málefni. Nám í lögfræði til B.A. prófs er um margt með öðru sniði en tíðkast við aðra íslenska háskóla. Um er að ræða fjölbreytt fræðilegt nám þar sem lög og réttur eru skoðuð í sögulegu, félagslegu og heimspekilegu samhengi. B.A. námið nýtist vel sem fræðileg undirstaða fyrir þá sem hyggja á nám til embættisprófs í lögfræði. Námið er einnig áhugaverður kostur í hug- og félagsvísindanámi fyrir þá sem ekki stefna að hefðbundnum lögfræðistörfum heldur hyggjast fremur tengja lögfræði við framhaldsnám í öðrum greinum, til dæmis í alþjóðastjórnárum og skyldum greinum.

Lögfræði til M.L. prófs

Nám í lögfræði til M.L. prófs er tveggja ára nám á meistarastigi. Sú prófgráða, í framhaldi af þriggja ára B.A. prófi í lögfræði, jafngildir hefðbundnu fimm ára embættisprófi í lögfræði (cand.jur.). Áherslan í náminu er á hagnýta íslenska lögfræði þannig að nemendur verði sem best í stakk búnir til að takast

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

á við lögfræðistörf, sem dómarar, lögmenn eða lögfræðingar hjá opinberum stofnunum eða einkafyrirtækjum.

Nám í heimskautarétti

Nám í heimskautarétti til LL.M. gráðu er eins og hálfis árs nám á meistarastigi fyrir nemendur sem þegar hafa lokið þriggja ára laganámi. Nám í heimskautarétti til M.A. gráðu er tveggja ára nám á meistarastigi fyrir nemendur með bakkalárpróf í skyldum greinum eða sambærilega gráðu. Í náminu er lögð áhersla á þau svið alþjóðalaga og landsréttar sem tengjast heimskautasvæðunum. Tekið er á viðfangsefnum umhverfis- laga og fjölbreytni lífríkisins, mannréttinda, hafréttar, laga um sjálfbæra þróun og auðlindir, þar á meðal á álitamálum er varða fullveldi og deilur um markalínur á landi og sjó, réttindi frumbyggja í norðri, sjálfstjórn og stjórnfestu svo og landa- og auðlindakröfur á heimskautasvæðunum. Allt er gert sem unnt er til að tryggja að um viðfangsefni allra námskeiða sé fjallað út frá sjónarmiðum kynjajafnréttis. Nám í heimskautarétti undirbýr nemendur fyrir störf hjá hinu opinbera sem og einkafyrirtækjum, hjá alþjóðasamtökum, hjá frjálsum félagasamtökum, hjá frumbyggjaþjóðum á norðurskautssvæðinu og háskólum og rannsóknarstofnunum um allan heim. Námið er einnig góður undirbúningur fyrir doktorsnám eða frekari rannsóknir á málafnum heimskautanna.

Ráðstefnur og opnir fyrirlestrar um lögfræðileg efni eru fastur þáttur í starfi lagadeildar.

Af ráðstefnuhaldi á árinu 2011 ber hæst að haldin var í fjórða sinn árleg alþjóðleg ráðstefna um heimskautarétt *The Fourth Akureyri Polar Law Symposium*, 8.–10. september. Ráðstefnan var að þessu sinni haldin í Nuuk á Grænlandi en undir merkjum og stjórn og Heimskautaréttarstofnunarinnar við Háskólann á Akureyri. Greinar sem byggjast á erindum sem

flutt voru á ráðstefnunni birtast í Árbók heimskautaréttarins *The Yearbook of Polar Law* sem kemur út á vegum lagadeildar Háskólans á Akureyri hjá Brill Academic Publishers í Hollandi.

Þann 4. mars var haldin alþjóðleg ráðstefna á vegum lagadeildar HA í samvinnu við lagadeild HÍ af því tilefni að út var komin bók Garretts Barden og Timothy Murphy *Law and Justice in Community* (Oxford University Press). Lagadeild HA átti að auki aðild að ráðstefnum sem haldnar voru í samvinnu lagadeilda íslensku háskólanna um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins.

Aðalheiður Ámundadóttir og Ágúst Þór Árnason áttu stóran hlut að máli við samningu skýrslu stjórnlaganefndar sem kom út í byrjun árs 2011. Rannsóknir kennara við lagadeild HA eru fyrst og fremst á sviði þjóðaréttar, s.s. mannréttinda bæði alþjóðlegra og í landsrétti, réttinda minnihlutahópa og frumbyggja, hafréttar, stjórnskipunarréttar, réttarheimspeki, kennilegrar lögfræði, réttarfélagsfræði, eignarréttar og samannburðarlögfræði. Kennarar deildarinnar birtu fjölmargar greinar í bókum og ritrýndum tímaritum bæði íslenskum og erlendum.





MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR

Miðstöð skólaþróunar er starfrækt innan hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Markmið hennar er að stuðla að umbótum í almennu skólastarfi leik-, grunn- og framhaldsskóla og að vera farvegur þekkingar og þróunar út í hið daglega skólastarf. Meginviðfangsefnið lúta að ráðgjöf og fræðslu við hvers kyns nýjungar á sviði skóla- og kennslumála til starfandi kennara og skólastjóra auk þess að efla gott starf sem þegar er fyrir hendi. Innan miðstöðvarinnar hefur byggst upp margvísleg þekking, t.d. um stjórnun og forystu, samskipti heimilis og skóla, læsi, lestrarkennslu og ritun, stærðfræðikennslu yngri barna, einstaklingsmiðaða kennsluhætti, teymiskennslu og fjölbreytta starfshætti í skólum, námsmat, fagmennsku kennara, starfendarannsóknir og sjálfsmat, bekkjarstjórnun og um einelti.

Í starfi miðstöðvar skólaþróunar er lögð áhersla á fræðslu, eftirfylgd verkefna, vettvangsathuganir, samræðu, samvinnu og igrundun. Unnið er eftir framkvæmda- og þróunaráætlunum þar sem gert er ráð fyrir mati á starfinu. Verkefni eru yfirleitt til lengri tíma, þ.e. eins eða tveggja vetra löng. Þau miðast við starfsmannahópa með það að markmiði að efla starfsemi skólanna í heild sinni og stuðla að viðvarandi breytingum og þróun. Reynt er að höfða til skuldbindinga þátttakenda um eigin starfsþróun til að bæta skólastarf og auka nám nemenda.

Miðstöð skólaþróunar hefur með höndum sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla á Akureyri skv. samningi þar um milli Akureyrarbæjar og Háskólans á Akureyri. Að auki hefur miðstöð skólaþróunar unnið að umbótastarfi með skólafólki víða um land. Á árinu 2011 var unnið að um fimmtíu slíkum verkefnum.


Í apríl ár hvert stendur miðstöð skólaþróunar fyrir ráðstefnu um skólamál og koma fyrirlesarar sem gert hafa sig gildandi á fræðasviðinu víða að. Annað hvert ár heldur miðstöðin einnig haustráðstefnu auk þess sem hún hefur, í samstarfi við bókasafn HA og Amtsbókasafnið á Akureyri, staðið fyrir ýmis- konar viðburðum í tengslum við Dag læsis 8. september.

Helstu verkefni sem miðstöð skólaþróunar vann að árið 2011 voru:

- **Læsiskenndla:**
 - Byrjendalæsi
 - Leikskólalæsi
 - Orð af orði
 - Gagnvirkur lestur
 - Fágæti og furðuverk
 - Ritun
- **Foreldrasamstarf og eineltismál**
- **Starfsþróunarvinna sem tekur mið af skólafólki Akureyrarbæjar:**
 - fagmennska kennara/teymisvinna starfs- og kennsluhættir
 - forystuhæfni
 - félagastuðningur/igrundun/samræða
 - námsmat, sóknarkvarðar
 - bekkjarstjórnun
- **Byrjendastærðfræði**
- **Starfendarannsókn við mótun nýrra skóla**
- **Viðhorfakannanir og úttektir**
- **Ráðgjöf og utenumhald um innra mat (sjálfsmat) í skólum**
- **Stefnumótun, starfshættir/samvinna**
- **Námskeið og fræðslufundir fyrir skólastjórnendur og kennara**
- **Seta í stýrihópum og þjónusta við skóladeild/ skólafélag á sviði skólamála.**

Vorráðstefnan 2011 var haldin þann 9. apríl og nefndist *Að vefa serk þann er ekki bíta járn. Fjölbreyttir kennsluhættir og virkt nám*. Einnig stóð miðstöðin fyrir sex fræðslufundum á skólaárinu þar sem nýbrautskráðir meistarafrá kennaradeild HA kynntu rannsóknir sínar.

Starfsmenn miðstöðvar skólaþróunar hafa annast kennslu í kennaradeild HA bæði sem umsjónarkennarar einstakra námskeiða og sem stundakennarar. Þeir hafa einnig sinnt leiðsögn með B.Ed. og meistaraþrófsritgerðum. Auk forstöðumanns voru sex starfsmenn á miðstöð skólaþróunar í samtals 5,2 stöðugildum. Jafnframt komu kennarar af hug- og félagsvísindasviði, einkum úr kennaradeild, til samstarfs um einstök verkefni á vegum miðstöðvarinnar.



VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Viðskipta- og raunvísindasvið skiptist í tvær deildir, viðskipta-deild og auðlinda-deild.

Innan auðlinda-deildar var í boði B.S. nám í líftækni og sjávarútvegsfræði. Innan viðskipta-deildar voru tvær námslínur í boði til B.S. gráðu. Rannsóknartengt meistaranám var í boði hjá báðum deildum.

Vorið 2011 voru 83 nemendur brautskráðir frá viðskipta- og raunvísindasviði. Þar af var einn nemandi með B.S. gráðu í líftækni, einn í sjávarútvegsfræði og tveir í umhverfis- og orkufræði. Í viðskiptafræði brautskráðust 50 með B.S. gráðu. Fimm luku meistaraþrófi í auðlindafræðum og ellefu luku meistaraþrófi í viðskiptafræði. Þrettán luku meistaranámi í haf- og strandsvæðastjórnun í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða.

Við upphaf skólaárs haustið 2011 voru 484 nemendur skráðir til náms við viðskipta- og raunvísindasvið. Fimm tíu nemendur stunduðu B.S. nám í líftækni, 43 nemendur voru í sjávarútvegsfræði og 302 í viðskiptafræði. Fimm nemendur stunduðu diplómanám í náttúru- og auðlindafræði. Auk þess stunduðu tólf nemendur meistaranám í viðskiptafræði, sjö stunduðu meistaranám í auðlindafræðum og 45 nemendur stunduðu meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða. Tuttugu nemendur voru skráðir á öðru og þriðja ári í umhverfis- og orkufræði.

„Á rannsóknarstofu í hagnýtri örverufræði við HA var unnið að rannsóknum á framleiðslu á fjölómett-uðum Omega-3 fitusýrum og lífvirkum efnum með frumverum.“

Á fræðasviðinu störfuðu á árinu 30 kennarar, þar með taldir þeir kennarar sem sviðið deilir með rannsóknarstofnunum sem aðsetur hafa á Borgum. Meðal kennara sviðsins eru níu prófessorar. Auk þess störfuðu að jafnaði nokkrir sérfræðingar og aðstoðarmenn að ýmsum rannsóknarverkefnum og stunda-

kennslu. Á árinu var fram haldið samstarfi við Símenntun HA um rekstrar- og viðskiptanám.

Starf viðskipta- og raunvísindasviðs var þróttmikið á árinu 2011 þrátt fyrir stöðugan samdrátt í fjárveitingum. Styrkur sviðsins er þverfaglegt námsframboð og mikil virkni í rannsóknum. Endurskoðun á stefnu sviðsins var haldið áfram og brugðist var við sparnaðarkröfum yfirvalda með áframhaldandi samdrætti í kennslu og með viðræðum um samstarf um námsleiðir og námskeið við aðra opinbera háskóla.

Viðskipta- og raunvísindasvið hefur verið þátttakandi í Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna um árabíl. Starfsmenn sviðsins hafa kennt á námskeiðum skólans og verið leiðbeinendur nemenda. Þessu námi við HA hefur verið skipt í tvo þætti, annars vegar grunnþjálfun nemenda háskólans í viðskiptafræði og markaðsfræði og hins vegar sérhæft nám um rekstur og markaðssetningu sjávarútvegsfyrirtækja, *A specialist course on Management of Fisheries Companies and Marketing*, sem miðar að því að þjálfar fólk í að stjórna sjávarútvegsfyrirtækjum af ólíkum toga. Helstu markmið með sérhæfða náminu eru að veita yfirlit yfir kenningar í rekstri og fjármálum fyrirtækja, að veita víðtæka þekkingu á rekstri sjávarútvegsfyrirtækja allt frá fiskeldi til markaðssetningar sjávarafurða og að þjálfar nemendur í gagnrýnni hugsun til að finna lausn á vandamálum í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Kennarar sviðsins hafa einnig verið ráðgefandi, skipulagt og haldið námskeið í tengslum við þetta starf í ýmsum þróunarlöndum.

AUÐLINDAEILD

Í boði eru tvær námsleiðir til B.S. prófs, líftækni og sjávarútvegsfræði. Kennd voru námskeið annars og þriðja árs í umhverfis- og orkufræði. Boðið var upp á staðarnám og fjarnám. B.S. námið er skipulagt til þriggja ára, samtals 180 ECTS námseiningar. Ennfremur var boðið rannsóknartengt nám til meistara-gráðu í auðlindafræði sem og meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði. Háskólinn á Akureyri hefur frá upphafi markað sér þá sérstöðu meðal íslenskra háskóla að leggja áherslu á námsbrautir tengdar nýtingu náttúruauðlinda á þverfaglegu sviði auðlindafræða. Í starfi deildarinnar fara saman nám og rannsóknir í náttúruvísindum samhliða áherslum á hagfræði, viðskiptafræði og stjórnun. Slík menntun er forsenda góðrar



auðlindastjórnunar og styður sjálfbæra nýtingu auðlinda til verðmætasköpunar.

Í auðlindadeild hófu 45 nemendur grunnnám að hausti og einn nemandi hóf meistaranám.

Náið samstarf var við fjölda fyrirtækja og rannsóknarstofnanir hérlendis og erlendis. Má þar nefna þær stofnanir sem eru í návígi við deildina á Borgum og deila með henni aðstöðu og starfsmönnum, svo sem Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyrarsetur og Matís ohf. Virkt samstarf var enn fremur við aðra háskóla, svo sem Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og Hólaskóla – Háskólann á Hólum. Einnig við fjölda fyrirtækja og má þar m.a. nefna Mannvit, Sorpu, Landsvirkjun, Norðurorku, Norðurskel h.f., Samherja h.f., Brim h.f. og Biopol ehf.

Kennarar og sérfræðingar auðlindadeildar eru mjög virkir í rannsóknum sem spanna vítt svið raunvísinda og náttúruvísinda. Rannsóknir tengdar sjávarútvegi eru hafrannsóknir, líffræði, efna- og örverufræði fiska, gæði og öryggi sjávarfangs, veiðarfærarannsóknir, vinnslutækni og hagrænar rannsóknir. Líftæknirannsóknir tengjast lífefnaleyti, orkulíftækni, fiskeldi, kerfislíffræði, sameindaerfðafræði og gerðar eru rannsóknir á virkum íblöndunarefnum. Í umhverfis- og orkufræðum má nefna ýmsar rannsóknir á eðli jarðskorpunnar, jarðvá og jarðhita, bæði er um að ræða grunnrannsóknir og rannsóknir er lúta að nýtingu. Jafnframt eru stundaðar rannsóknir á grunnvatni, gerð þess og uppruna.

Ýmsir styrkir til rannsókna og tækjakaupa úr opinberum samkeppnisjóðum fengust á árinu.

Líftækni

Háskólinn á Akureyri býður einn íslenskra háskóla upp á sérhæft nám í líftækni, þar sem blandað er saman ýmsum námskeiðum á sviði náttúruvísinda og auðlindalíftækni ásamt viðskiptagreinum. Meðal áherslna eru umhverfis- og orkulíftækni, til dæmis niðurbrot lífræns úrgangs og nýmyndun orkuríkra efna, líftæknilegir þættir fiskeldis hvað varðar heilbrigði og fóður, lífvirk efni, efni með lyfjavirkni, fæðubótarefni, aukaeftir í matvælum og efni sem bæta ónæmiskerfið, og grunnrannsóknir á erfðaauðlindum íslenskrar náttúru. Lögð er rík áhersla á að kynna nemendum líftæknilegar aðferðir við að nýta auðlindir með nýjum hætti og koma afurðum slíkrar þróunar á markað. Af sérnámskeiðum má nefna erfðafræði og

sameindaerfðafræði, sjávarlíftækni, líftæknilega örverufræði, matvælafræði og matvælavinnslu, næringarfræði, veirufræði, náttúrulegar afurðir, nýmyndun og niðurbrot, gena- og gagnasöfn og gæðafræðislufurli. Auk fastra kennara auðlinda-deildar koma sérfræðingar ýmissa fyrirtækja og stofnana að kennslunni.

Eitt rannsóknarverkefna á sviði líftækni beinist að notkun hitakærra örvera við framleiðslu á etanóli og vetni úr lífmassa. Þær rannsóknir eru unnar í víðtæku samstarfi innanlands og utan og hefur fjöldi styrkja fengist til rannsóknarverkefna og uppbyggingar tækja og aðstöðu, meðal annars úr Tækniþróunarsjóði Rannís til verkefnisins *LífEtanól* sem unnið er í samvinnu við Mannvit verkfræðistofnu, en verkefninu lauk á árinu. Tækniþróunarsjóður veitir öndvegissstyrk til þriggja ára til verkefnisins *Lífeldsneyti*, sem snýst um framleiðslu á vetni, metan, etanóli og syngas framleiðslu úr sorpi. Verkefnið lýtur stjórn Háskólans á Akureyri. Alls unnu þrjú sérfræðingar og þrjú meistaranemar á sviði orkulíftækni á árinu. Þrjár ritryndar greinar voru birtar á sviði orkulíftækni auk yfirlitsgreinar um hitakærar etanól- og vetnisframleiðandi bakteríur.

Unnið var að uppbyggingu bakteríustofnasafns úr ýmsum vistgerðum íslenskrar náttúru. Safnað var stofnum úr Surtsey, Esjufjöllum og Vatnshelli á Snæfellsnesi, auk ýmissa vistgerða á vatnasviði Jökulsár á Fjöllum. Einnig var hafist handa við lífefnaleyti og stofnasafnið skimað eftir hagnýtanlegum eiginleikum, svo sem til kuldavirks niðurbrots á ýmsum lífrænum fjölliðum. Verkefni voru styrkt af Orkurannsóknarsjóði Landsvirkjunar, Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar, Háskólasjóði KEA og Rannsóknarsjóði HA. Áfram var haldið vinnu við greiningu á sambýlisbakteríum íslenskra strandfléttna, en það verkefni var styrkt af Rannsóknarsjóði Rannís.

Hugað var að möguleikum tengdum líftæknilegri nýtingu Norðurslóða og var í því sambandi haldin ráðstefnan *Sub-Arctic molecular ecology and environmental microbiology* í húsa-kynnum Háskólans á Akureyri. Meðal fyrirlesara voru framhaldsmemar, kennarar og sérfræðingar frá auðlindadeild HA, örverufræðideild University of Reading, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Veðurstofnun og CAFF. Afráðið er að University of Reading og HA efli samvinnu sín á milli, meðal annars með sameiginlegu sumarnámskeiði í örveruvistfræði Norðurslóða sem haldið verður í fyrsta skipti sumarið 2012.

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Á rannsóknarstofu í hagnýtri örverufræði við HA var unnið að rannsóknum á framleiðslu á fjölómettuðum Omega-3 fitusýrum og lífvirkum efnum með frumverum, í samvinnu við sjávarlíftæknisetrið BioPol ehf á Skagaströnd og Akureyrarsetur Náttúrufræðistofnunar Íslands. Meginmarkmiðið var að einangra, greina og rækta nýja stofna af frumverum af ættinni Thraustochytrids til framleiðslu á Omega-3 sjávarolíum og lífvirkum efnum í tilraunarækt. Frumverurnar hafa ekki verið ræktaðir hér á landi fram til þessa. Verðmætustu fitusýrurnar eru hinar fjölómettuðu og lífsnauðsynlegu fitusýrur DHA (docosaehaenoic acid, C22:6-n3) og EPA (eicosaehaenoic acid, 20:5n-3). Þetta verkefni hefur m.a. hlotið styrk úr AVS.


Starf sameiginlegrar rannsóknarstofu HA og Náttúrufræðistofnunar í sameindaerfðafræði eflidist. Þrjú meistaranemar og einn doktorsnemi störfuðu að verkefnum á vegum stofnunar og innlendra og erlendra samstarfsaðila hennar. Lokaverkefnum nemenda í grunnnámi og verklegri kennslu í erfða- og sameindaerfðafræði er sinnt þar. Jafnframt er unnið að verkefnum í samstarfi við Matis ohf. og Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Rannsóknasjóður Rannís, Háskólasjóður KEA og Rannsóknasjóður HA eru meðal styrktaraðila rannsóknarstarfs á stofnunni.

Sjávarútvegsfræði

Háskólinn á Akureyri býður einn íslenskra háskóla 180 ECTS eininga nám í sjávarútvegsfræði til B.S. gráðu. Að námi loknu bera brautskráðir starfsheitið sjávarútvegsfræðingur. Markmið námsins er að veita nemendum góðan þekkingargrunn til að starfa í sjávarútvegi og tengdum greinum og breiðan grunn til frekara náms. Námið veitir einnig þverfaglegan grunn sem nýtist vel til stjórnunarstarfa. Kennnd eru undirstöðunámskeið raun- og viðskiptagreina. Sérnámskeið sjávarútvegsfræða eru um vistkerfi sjávar og veiðar og vinnslu sjávarafurða. Slík menntun er forsenda góðrar auðlindastjórnunar og -skipulags og ýtir undir sjálfbæra nýtingu auðlinda og verðmætasköpun. Mikil áhersla er lögð á samvinnu við fyrirtæki og stofnanir sem vinna við sjávarútveg og stöðgreinar hans, til dæmis í tengslum við lokaverkefni nemenda.

Rannsóknir fóru m.a. fram á nýlega uppgötvuðum hafstraumi yfir landgrunnshlíðinni norðanlands, Irmingerstraumi, sem flytur djúpsjó úr Íslandshafi um Grænlandssund þar sem hann myndar djúpsjó Norður-Atlantshafs. Lagt var mörgum straum-mælingalögnum á sniði frá Straumnesi yfir til Grænlands í

samstarfi margra aðila síðastliðið sumar og verða þær sóttar nú í sumar og munu niðurstöðurnar varpa ljósi á margvíslega eiginleika hafstraumanna á þessu svæði.



Náð samstarf er við Sjávarútvegsmiðstöðina við Háskólann á Akureyri – SHA. Meginmarkmið Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar er öflun og miðlun upplýsinga á sviði sjávarútvegs milli skóla, stofnana og atvinnulífs og að styðja þannig við stefnu HA í þeim efnum.

Ýmislegt var gert til að markaðssetja og kynna námið og áhersla var lögð á heimsóknir nemenda og kennara í framhaldsskóla.

Umhverfis- og orkufræði

Ekki voru innritaðir nýnemar í B.S. nám í umhverfis- og orkufræði, en nemendur á öðru og þriðja ári héldu áfram námi sínu. Námið er grunnnám í náttúruvísindum með áherslu á jarðvísindi, vistfræði- og vatnafræðilega þætti, áhrif mengunar á umhverfi, auðlindanýtingu og auðlindastjórnun, sem og umhverfismat og umhverfisskipulag.

Öflugar rannsóknir voru stundaðar á sviði umhverfis- og orkufræða árið 2011. Unnið var að rannsóknum á eðli jarðskorpunnar með jarðeðlisfræðilegum aðferðum og grunnrannsóknum á jarðhita, eðli hans og eiginleikum. Einnig var unnið að rannsóknum á nýtingu jarðhita, t.d. útfellinga- og tæringar-rannsóknum, rannsóknum á nýjum nýtingarmöguleikum og



Í upphafi árs 2011 brautskráðust 47 nemendur með sameiginlega meistaraþráðu í endurnýjanlegum orkugjöfum frá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands. Nám þeirra hafði farið fram við RES – Orkuskóla en hann hætti starfsemi vegna fjárhagsörðugleika og Háskólinn á Akureyri tók ábyrgð á að nemendur næðu að ljúka námi sínu.

fjölnýtingu jarðhita, og nýtingu jarðvarma til heilsutengdrar ferðabjónustu. Þá var unnið að grunnvatnsrannsóknum á köldu og heitu vatni í samvinnu við ýmsa aðila, og rauntíma efnavöktun í grunnvatni til jarðvarmiðvörunar. Óflugt og traust samstarf var við ýmis orkufyrirtæki, stofnanir, hagsmunaaðila, sveitarfélög og erlenda vísindamenn.

Meistaránám í auðlindafræði

M.S. í auðlindafræðum er alþjóðlegt rannsóknarnám á sviðum umhverfis-fræði, orkufræði, líftækni og sjávarútvegsfræði. Þessi umhverfisfræði endurspeglar faglega sérstöðu auðlindaeildar í kennslu og rannsóknum. Námið er 120 ECTS einingar, skipulagt til tveggja ára, og er einstaklingsmiðað.

Megináhersla er lögð á meistaraverkefnið sem vegur 60–90 ECTS og að nemendur tileinki sér vísindaleg vinnubrögð. Námskeiðshluta meistaránámsins tekur nemandinn að hluta við HA, við aðra innlenda háskóla ef kostur er og við erlenda rannsóknarháskóla samkvæmt ákvörðun meistaránámsnefndar hverju sinni. Námið er í samstarfi og sterkum tengslum við erlenda rannsóknarháskóla og -stofnanir.

Virkt rannsóknarsamstarf hefur verið við Max Planck rannsóknarstofnunina í kjarneldisfræði í Heidelberg í Þýskalandi og Evrópsku rannsóknastofnunina CERN í Genf í Sviss um gagnavinnslu og túlkun á öreindagögnum sem hinn risavaxni hraðall, Large Hadron Collider (LHC) í CERN sendir frá sér.

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ



Dr. Nikolai Gagunashvili gesta- prófessor við viðskipta- og raunvísindasvið hefur haft veg og vanda af því. Hefur hann þróað brautryðjandi gagnatúlkunaraðferðir sem nýtast við leit að veikum merkjum í risavöxnum gagnasöfnum. Slík tækni sem kalla má „námuvinnslu gagna“ er sérstaklega mikilvæg við túlkun á hinu risavaxna gagnamagni sem þessi stærsta eðlis-

fræðitilraun allra tíma gefur frá sér. Samhliða vinnslu á ofurtölvum víðs vegar um heim nýtist tæknin við að nálgast þá vitneskju um tilurð og uppruna alheimsins sem vænst er.

Haf- og strandsvæðastjórnun

M.S. nám í haf- og strandsvæðastjórnun er alþjóðleg og þverfagleg námsleið sem boðin er í samvinnu við Háskóla-setur Vestfjarða. Allt námið er kennt á Ísafirði en HA ber faglega ábyrgð á gæðum kennslu, námsefni og námsmats. Mikil tengsl eru við auðlindaeild og prófgráða við námslok er frá HA.

VIÐSKIPTAEILD

Starfsemi deildarinnar var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Í viðskiptadeild hófu 105 nemendur grunnnám að hausti og þrír nemendur hófu meistaranám. Um 70% nemenda í grunnnámi eru fjarnemar.

Grunnnám í viðskiptafræði

Boðið var upp á þriggja ára, 180 ECTS B.S. nám í viðskiptafræðum, bæði í staðarnámi og fjarnámi. Staðarnámið fer fram með hefðbundnum hætti í fyrirlestrum, umræðutímum og dæmatímum. Fjarnámið fer hins vegar fram um myndfundabúnað og með upptökum úr kennslustundum í staðarnámi sem dreift er til nemenda um lokaðan kennsluvef. Fjöldi kennslustunda fjarnema um myndfundabúnað er um 50% af kennslustundum staðarnema.

Námsleiðir í grunnnámi eru tvær: Stjórnun og markaðsfræði og Stjórnun og fjármálafræði. Innan beggja námsleiða er lögð

áhersla á almennt og hefðbundið viðskiptanám, s.s. reikningshald, tölfræði, hagrannsóknir, hagnýta stærðfræði, þjóðhagfræði, rekstrarhagfræði og skattaskil svo eitthvað sé nefnt.

Stjórnun og markaðsfræði

Auk almenns viðskiptanáms er lögð áhersla á að mennta fólk til að gegna stjórnunarstörfum í fyrirtækjum með áherslu á markaðsmál. Fjallað er m.a. um stefnumótun, stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun og gæðastjórnun en auk þess um auglýsinga- og kynningarmál, þjónustumarkaðsfræði, neytendahegðun, boðmiðlun og markaðsrannsóknir.

Stjórnun og fjármál

Auk almenns viðskiptanáms er lögð áhersla á að mennta fólk til að gegna ábyrgðarstöðum í fjármálafyrirtækjum. Mikilvægar námsgreinar eru stefnumótun, stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun, gæðastjórnun og námskeið í fjármálum þar sem m.a. er fjallað um fjármál fyrirtækja, verðmat og fjárfestingar, fjármálamarkaði, afleiður og alþjóðafjármál.

Meistaránám í viðskiptafræði

Meistaránámi í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri var breytt í rannsóknartengt meistaranám árið 2010. Er það 120 ECTS eininga nám. Námið er einstaklingsmiðað þannig að hver nemandi fylgir eigin námskrá sem er sérsníðin að þörfum hans og þess rannsóknarverkefnis sem hann vinnur að á náms-tímanum. Meðal fyrstu verkefna meistaranema er að velja sér námskeið úr kennsluskrá HA og samstarfsstofnana hans, í náinni samvinnu við aðalleiðbeinanda. Meistaránámsnefnd viðskipta- og raunvísindasviðs tryggir að hin einstaklingsmiðaða námskrá standist ítrustu gæðakröfur.

Námið skiptist í rannsóknarverkefni sem getur verið 60 eða 90 ECTS einingar og því eru námskeið 30 til 60 ECTS einingar. Að lágmarki skal nemandi taka 30 ECTS einingar í námskeiðum og hið minnsta 10 ECTS í rannsóknaraðferðum. Önnur námskeið skal nemandi taka við HA eða samstarfsstofnanir. Þetta nýja fyrirkomulag er skipulagt á sama hátt og meistaranám auðlindaeildar og hægt að tengja það rannsóknarverkefnum í báðum deildum. Þrír meistaranemar innrituðust í hið nýja námsfyrirkomulag haustið 2011 en níu nemendur unnu áfram að meistaraverkefnum sínum samkvæmt fyrri námskrá.



Rannsóknir

Kennarar í viðskiptadeild hafa á undanförunum árum verið afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf á sviðum fjármála og fjármálamarkaða, ferðaþjónustu, samruna fyrirtækja, útvistarunar í þjónustufyrirtækjum, alþjóðastofnana, fjarkennslu, norræna vinnumarkaða, sveitarstjórnarmála, markaðsmála, stjórnunar og skipulagningar fyrirtækja og reksturs sjávarútvegsfyrirtækja. Rannsóknir þeirra hafa birst í sérstökum bókum, íslenskum og erlendum fræðitímaritum og safnritum. Náin tengsl eru við rannsóknir Rannsóknamiðstöðvar ferðamála – RMF og Rannsóknamiðstöð- og þróunarmiðstöð Háskólans Akureyri – RHA, meðal annars um byggðarannsóknir.

Kennarar deildarinnar eiga í margvíslegum samskiptum og samstarfi við erlendar stofnanir og vísindamenn. Nemendur hafa stundað nám erlendis að hluta á vegum *Erasmus og Nordplus*.

Viðskipta- og raunvísindasvið á aðild að *ECBE, The European Council for Business Education*, frá árinu 2005. Um frekari upplýsingar varðandi ECBE vísast til heimasíðu samtakanna: <http://ecbe.qualilearning.org/>.

Viðskiptadeild er einnig aðili að *EkoTekNord* sem er tengslanet 19 háskóla á Norðurlöndum. Markmið netsins er að auka nemenda- og kennaraskipti og bjóða upp á stutt námskeið. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu samtakanna: <http://www.ekoteknord.nu/etn/index.shtml>

MARKAÐS- OG KYNNINGARSVIÐ



Frá Háskóladeginum á Egilsstöðum. Dagmar Ýr Stefánsdóttir forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs t.v. og Jóhanna Guðrún Snæfeld Magnúsdóttir t.h.

Markaðs- og kynningarstarf var með hefðbundnum hætti árið 2011. Forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs vann kynningarefni fyrir háskólann í samstarfi við deildir hans en það er auglýsingastofan Stíll á Akureyri sem sér um hönnun kynningarefnis og Ásprent prentar.

Háskólar landsins héldu áfram samstarfi um að skipuleggja Háskóladaginn sem orðinn er árlegur viðburður í febrúar. Sú breyting varð á að kynningar háskólanna dreifðust á fleiri staði en áður. Háskólinn í Reykjavík var í sínum húsakynnum líkt og Háskóli Íslands. Í Ráðhúsi Reykjavíkur voru Háskólinn á Akureyri, Hólaskóli – Háskólinn á Hólum, Listaháskóli Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands og danskir skólar á vegum danska sendiráðsins. Háskóladagurinn var síðan haldinn sameiginlega á Egilsstöðum og á Akureyri en var féll niður á Ísafirði eftir tvær misheppnaðar flugferðir þangað.

Löggð var áhersla á vandaðar auglýsingar í fjölmiðlum fyrir innritun skólaárið 2011 – 2012 og var auglýsingastofan Kapital

fengin til að vinna efni í sjónvarps- og útvarpsauglýsingar auk þess að uppfæra kynningarmyndbönd á heimasíðu HA.

Markaðs- og kynningarsvið er í samstarfi við Birtingahúsið ehf. um að útbúa auglýsingaáætlun og eru auglýsingar unnar af auglýsingastofunum Kapital og Ásprenti Stíll ehf. Að venju var farið í heimsóknir í framhaldsskóla og Háskólinn á Akureyri kynntur fyrir stúdentsefnum, farið var í veflesta framhaldsskóla landsins og oft voru nemendur HA með í för. Einnig var sendur út markpóstur til stúdentsefna. Þá tók markaðs- og kynningarsvið á móti nemendahópum sem komu í kynnisferðir í háskólann.

Markaðs- og kynningarsvið sá einnig um að skipuleggja fjölmarga viðburði innan háskólans.

Nefna má hátíðarhöld 1. desember, HA – dag þar sem háskólinn er kynntur sérstaklega fyrir framhaldsskólanemum á Norðurlandi og móttöku eftir brautskráningu í júní sem var með glæsilegri hætti en áður og haldin í samstarfi við Góðvini Háskólans á Akureyri.



FJÁRMÁLA-, STARFSMANNA- OG REKSTRARSVIÐ



HA og Gláma/Kím arkitektar voru tilnefnd til Menningarverðlauna DV í flokki byggingarlistar fyrir nýbygginguna á Sólborg. Í tilnefningunni segir m.a.: „Hér er gott dæmi um verk þar sem breyta þarf notkun eldri bygginga og tvinna við nýja starfsemi. Einstaklega vel hefur tekist til við flæði milli eldri og nýrri byggingahluta og að skapa heildrænt yfirbragð með vandaða útfærslu á rýmum og efnisvali. Sérstaða verksins er hversu vel samþætt og útfært það er og það hvernig vönduðum vinnubrögðum er viðhaldið á löngum framkvæmdartíma.“


Fjármála-starfsmanna- og rekstrarsvið annast rekstur og umsjón fasteigna og búnaðar háskólans, þar á meðal rekstur tölvakerfa og símakerfa. Jafnframt annast sviðið helstu sameiginleg verkefni á sviði fjármála. Má þar nefna umsjón með gerð rekstraráætlana til lengri og skemmri tíma, vinnslu bókhalds og launa, miðlun fjárhagslegra upplýsinga, svo og eftirlit og ráðgjöf um fjárhagsleg málefni háskólans.

Á árinu 2011 var starfsemin með hefðbundnu móti. Unnið var að undirbúningi 5. byggingaráfanga á Sólborg en vonir standa til þess að hefja megí framkvæmdir við hann á árinu 2012.

Á sviðinu störfuðu 16 starfsmenn.

NEMENDUR OG DEILDIR


Lögheimili nemenda á haustmisseri 2011



Nemendur eftir fræðasviðum (deildum)

| Deild | 2007 | | | 2008 | | | 2009 | | | 2010 | | | 2011 | | |
|-------------------------------|------------|--------------|--------------|------------|--------------|--------------|------------|--------------|--------------|------------|--------------|--------------|------------|--------------|--------------|
| | Karlar | Konur | Samtals | Karlar | Konur | Samtals | Karlar | Konur | Samtals | Karlar | Konur | Samtals | Karlar | Konur | Samtals |
| Félagsvísindadeild | 42 | 111 | 153 | 45 | 101 | 146 | 50 | 126 | 176 | 52 | 129 | 181 | 64 | 205 | 269 |
| Kennaradeild | 57 | 308 | 365 | 61 | 294 | 355 | 68 | 330 | 398 | 74 | 349 | 423 | 44 | 246 | 290 |
| Lagadeild | 38 | 55 | 93 | 39 | 50 | 89 | 63 | 57 | 120 | 48 | 55 | 103 | 53 | 58 | 111 |
| Hjúkrunarfræðideild | 1 | 172 | 173 | 2 | 179 | 181 | 2 | 213 | 215 | 4 | 219 | 223 | 6 | 234 | 240 |
| Iðjupjálfunardeild | 6 | 53 | 59 | 4 | 68 | 72 | 3 | 74 | 77 | 4 | 85 | 89 | 5 | 98 | 103 |
| Framh.deild í heilbr.vísindum | 4 | 35 | 39 | 7 | 44 | 51 | 5 | 55 | 60 | 3 | 31 | 34 | 2 | 45 | 47 |
| Auðlindadeild | 56 | 54 | 110 | 57 | 41 | 98 | 67 | 64 | 131 | 87 | 80 | 167 | 95 | 76 | 171 |
| Viðskiptadeild | 110 | 205 | 315 | 135 | 239 | 374 | 140 | 195 | 335 | 125 | 169 | 294 | 128 | 185 | 313 |
| Utan brauta | 8 | 7 | 15 | 4 | 1 | 5 | 3 | 7 | 10 | | | 0 | | | 0 |
| Samtals | 322 | 1.000 | 1.322 | 354 | 1.017 | 1.371 | 401 | 1.121 | 1.522 | 397 | 1.117 | 1.514 | 397 | 1.147 | 1.544 |

Nemendafjöldi eftir deildum







Solveig Hrafnisdóttir náms- og starfsráðgjafi og Rúnar Gunnarsson alþjóðafulltrúi tóku þátt í námskynningu fyrir útskriftarnemendur framhaldsskóla í HA í mars.



KENNSLUSVIÐ

Meginmarkmið kennslusviðs er að tryggja samræmi og gott skipulag á daglegu starfi háskólans ásamt því að veita nemendum og starfsfólki almennar upplýsingar, þjónustu og ráðgjöf.

Fulltrúar á kennslusviði annast meðal annars almenna þjónustu, upplýsingagjöf, símsvörun, útgáfu vottorða og innkaup og afgreiðslu á skrifstofuvörum fyrir starfsfólk háskólans. Bókanir og leiga á stofum er einnig í höndum fulltrúa. Fulltrúar annast jafnframt innritun nýnema og hafa umsjón með nemendaskrá og skjalavistun henni tengdri.

Skipulag og umsjón prófhalds fer fram á kennslusviði undir stjórn prófstjóra. Prófstjóri gefur út próftöflur og hefur yfirumsjón með prófhaldi og einkunnaskilum. Reglulegar próftíðir eru í desember og apríl/maí og sjúkra- og endurtökupróf eru að lokinni viðkomandi próftíð.

Kennslusvið hefur umsjón með framkvæmd fjarkennslu háskólans ásamt samskiptum við símenntunar- og fræðslumiðstöðvar um allt land.

Á kennslusviði starfar sérfræðingur háskólans í upplýsingakerfum, sem hefur umsjón með innra upplýsingakerfi hans, Stefaniu. Sérfræðingurinn annast einnig gagnamiðlun milli tölvukerfa háskólans ásamt vefumsjón. Hann sér ennfremur um uppsetningu og birtingu námskrár og framkvæmir námskeiðsmat og aðrar kannanir ásamt því að veita ýmsar tölfræðilegar upplýsingar úr nemendaskrá.

Náms- og starfsráðgjafi heyrir undir kennslusvið. Markmið starfsins er í megindráttum þrjúþætt: Að leiðbeina núverandi og væntanlegum nemendum háskólans um val á námi, að veita einstaklingum og hópum leiðsögn á meðan á námi stendur, ekki síst um námstækni og bætt vinnubrögð í námi, og að veita nemendum persónulega ráðgjöf, meðal annars varðandi námsframvindu og einkalíf. Náms- og starfsráðgjafi hélt tvö námskeið á haustmisseri 2011. Annars vegar átta tíma námskeið um námstækni og vinnubrögð í námi og hins vegar sex tíma námskeið um prófkviða/kvíðastjórnun. Fjarnemum var boðinn fjarnámsaðgangur að námskeiðinu um námstækni og vinnubrögð í námi. Námskeiðshald þetta er liður í að auka þjónustu við nemendur HA og auka færni þeirra til náms. Að öðru leyti var um hefðbundna starfsemi náms- og starfsráðgjafar að ræða sem fólst aðallega í viðtækri upplýsingagjöf og

viðtalsþjónustu við nemendur og aðra sem eftir þjónustunni leita ásamt því að reka ýmis hagsmunamál nemenda.

Verkefnastjóri alþjóðamála hefur umsjón með nemenda-, kennara- og starfsmannaskiptum, ásamt öðrum verkefnum sem tengjast alþjóðlegu samstarfi. Á árinu 2011 voru 63 erlendir skiptinemar skráðir í HA frá eftirtöldum löndum: Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Hollandi, Ítalíu, Kanada, Kína, Lettlandi, Noregi, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Spáni, Svíþjóð, Tékklandi og Þýskalandi. Alls stunduðu 25 nemendur frá HA skiptinám erlendis í eftirtöldum löndum: Bandaríkjunum, Búlgaríu, Danmörku, Englandi, Ítalíu, Japan, Litháen, Noregi, Spáni, Svíþjóð og Þýskalandi. Þrettán kennarar og starfsmenn HA fóru erlendis í kennara- eða starfsmannaskiptum í gegnum Erasmus eða Nordplus og HA tók á móti ellefu erlendum kennurum í skiptum. Alþjóðaskrifstofa HA sá um móttöku og skipulagði kynningar á háskólanum fyrir fjölmargt starfsfólk frá erlendum samstarfsskólum HA, frá erlendum sendiráðum sem og ýmsum öðrum erlendum gestum. Nemenda- og kennarskiptasamningum og samstarfsnetum við erlenda háskóla hefur fjölgað stöðugt og á HA í slíku samstarfi við meira en 200 háskóla.

Samstarf þetta er unnið í gegnum eftirfarandi skiptiáætlanir: *Erasmus*, *Nordplus*, *North2North* og tvíhliða samninga. Unnið er að því að gera háskólasamstarfið enn skilvirkara en nú, meðal annars með markmiðum um að auka fjölda skiptinema frá HA. Alþjóðadagur HA var haldinn 27. október 2011 í umsjón alþjóðafulltrúa í samstarfi við Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri og kennara innan háskólans. Alþjóðadagurinn skipar veigamikinn sess í starfi háskólans.

Starfsmenn kennslusviðs voru níu á fyrri hluta árs en átta í lok árs eftir að fulltrúi fluttist af sviðinu á skrifstofu hug- og félagsvísindasviðs. Sigrún Magnúsdóttir gegndi stöðu forstöðumanns kennslusviðs til mailoka ásamt starfi sínu sem gæðastjóri en þá tók Steinunn Aðalbjarnardóttir við.

FJARNÁM

Fjarkennsla við Háskólann á Akureyri hófst haustið 1998 þegar boðið var upp á fjarnám við heilbrigðisdeild. Um var að ræða nám í dagskóla á hjúkrunarfræðibraut þar sem kennt var um myndfundabúnað samtímis á Akureyri og Ísafirði. Ári síðar bættust svo nemendur á Egilsstöðum í þennan hóp. Frá árinu 1998 hefur fjarnám verið vaxandi þáttur í námsframboði Háskólans á Akureyri. Skólaárið 2011–2012 stunduðu (601) (636) (661) 732 nemendur um allt land fjarnám við háskólann og buðu öll fræðasvið skólans upp á fjarnám í ákveðnum greinum.

Háskólinn á Akureyri kappkostar að bjóða öllum nemendum sínum öflugra stöðþjónustu á sviði tölvu- og upplýsingatækni hvort sem þeir stunda nám á háskólasvæðinu eða í heimabyggð.

Heilbrigðisvísindasvið – hjúkrunarfræðideild og iðjubjálfunarfræðideild

Í hjúkrunarfræðideild fer fram fullt nám í dagskóla þar sem fjarnemendur stunda nám samhliða nemendum í staðarnámi. Námið byggir að mestu á gagnvirkum myndfundabúnaði, en kennarar nýttu einnig vefnámsumhverfið Moodle og tölvusamskipti í síaukunum mæli.

Í iðjubjálfunarfræðideild er stuðst við Moodle og fara upptökur af öllum kennslustundum inn í það kerfi. Kennarar nota einnig tölvusamskipti, meðal annars í gegnum Skype. Skólaárið 2011–2012 voru 193 nemendur á haustmíssi og 168 nemendur á vormíssi við heilbrigðisvísindasvið í fjarnámi á eftirfarandi stöðum: Akranesi, Akureyri, Árborg, Borgarnesi, Egilsstöðum, Hafnarfirði, Húsavík, Höfn, Ísafirði, Neskaupstað, Reyðarfirði, Reykjanesbæ, Sauðárkróki, Stykkishólmi og Vestmannaeyjum.

Hug- og félagsvísindasvið – kennaradeild og félagsvísindadeild

Í upphafi, 1999, miðaðist fjarnámið í kennaradeild að hluta til við fólk sem var starfandi í skólum og var þá ekki fullt nám, heldur lauk því á fjórum árum í stað þriggja í staðarnámi. Þetta breyttist haustið 2009 er tekið var að kenna námið sem fullt nám samhliða staðarnámi um gagnvirkan myndfundabúnað. Notkun Moodle vefnámsumhverfisins hófst með einu námskeiði í kennaradeild á vormíssi 2009 og á haustmíssi var þeim fjölgað. Í upphafi skólaárs 2010–2011 kom Moodle kerfið síðan til fullrar notkunar í háskólanum.

Í félagsvísindadeild hófst fjarnám haustið 2011. Sömu námskeið eru kennd í fjarnámi og í staðarnáminu en stuðst er við upptökur og Moodle.

Skólaárið 2011–2012 voru 168 nemendur á haustmíssi og 189 nemendur á vormíssi í fjarnámi á hug- og félagsvísindasviði á þessum stöðum: Akranesi, Akureyri, Árborg, Borgarnesi, Egilsstöðum, Grindavík, Grundarfirði, Hafnarfirði, Húsavík, Hvammstanga, Ísafirði, Neskaupstað, Patreksfirði, Reyðarfirði, Reykjanesbæ, Sauðárkróki, Vestmannaeyjum, Vopnafirði og Þórshöfn.

Viðskipta- og raunvísindasvið – auðlindadeild og viðskiptadeild

Í auðlindadeild og viðskiptadeild er miðað við að nemandur geti stundað vinnu meðfram fjarnáminu og dreifist það því á lengri tíma. Námið fer fram að mestu leyti á internetinu gegnum Moodle og þangað inn fara einnig upptökur af öllum kennslustundum. Til stuðnings eru fundir í gagnvirkum myndfundabúnaði utan dagvinnutíma í mörgum námskeiðum í viðskiptadeild. Einnig hafa nemendur tækifæri til að eiga samskipti við kennara og sín á milli í vefumræðum sem settar eru upp fyrir hvert námskeið. Skólaárið 2011–2012 voru 270 nemendur á haustmíssi og 279 nemendur á vormíssi við viðskipta- og raunvísindasvið í fjarnámi á eftirtöldum stöðum: Akranesi, Akureyri, Árborg, Blönduósi, Borgarnesi, Egilsstöðum, Fjallabyggð, Grundarfirði, Hafnarfirði, Hólmavík, Húsavík, Hvammstanga, Höfn, Ísafirði, Neskaupstað, Patreksfirði, Reyðarfirði, Reykjanesbæ, Sauðárkróki, Vestmannaeyjum og Vopnafirði.

Í árdaga fjarkennslunnar var námið nær eingöngu byggt á útsendingum fyrirlestra með gagnvirkum myndfundabúnaði. Enn í dag er myndfundabúnaður notaður í miklum mæli við háskólann. Hröð þróun í upplýsingatækni býður þó upp á fjölbreyttar leiðir í kennslu, við miðlun námsefnis, í samskiptum og við að mæta þörfum nemenda í fjarnámi. Háskólinn fylgist vel með þróun í upplýsinga-, samskipta- og kennslutækni og innleiðir markvisst nýjungar á því sviði. Má þar nefna gagnvirkar töflur og skjá, upptökur kennslustunda í staðarnámi, beinar útsendingar kennslustunda, vefsíður kennara og kennslukerfið Moodle sem meðal annars hefur að geyma innbyggt pósthótt, vefumræður, spjallrásir, próftækni, verkefnaútlara, hóp-



vinnuverkfæri og ýmsa möguleika til framsetningar námsefnis á margvíslegu formi.


Upplýsingakerfið Stefanía, sem þróað hefur verið í Háskólanum á Akureyri, veitir aðgang að öllum helstu upplýsingum sem tengjast daglegu starfi í háskólanum svo sem stundaskrá, próftöflum, námsframvindu, námskrá, kennsluskra og námskeiðslýsingum.

Frá upphafi hefur Háskólinn á Akureyri lagt áherslu á að nemendahópar myndist á þeim stöðum þar sem fjarnám er í boði. Háskólinn hefur því átt öflugt samstarf um fjarkennslu við bæjarfélög, háskólasetun og símenntunar- og fræðslumiðstöðvar víðs vegar um landið. Enda er það talin forsenda fjarnámsins að nemendum sé sköpuð góð aðstaða til mót-töku kennslu gegnum myndfundabúnað, tölvur og net. Hefur það sýnt sig að myndun námshópa á fjarkennslustöðum hefur reynst góð leið til að efla hópkennd og stuðning nemenda í milli. Á fjarkennslustöðunum hafa nemendur aðgang að myndfundabúnaði og tölvuveri ásamt ljósritunar- og vinnuáðstöðu.

Helstu samstarfsaðilar háskólans eru: Farskóli Norðurlands vestra, Háskólafélag Suðurlands, Háskólasetur Vestfjarða, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Námsflokkar Hafnar-fjarðar – Miðstöð símenntunar, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Víska – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, Þekkingarnet Austurlands og Þekkingarsetur Þingeyinga.

Í fjarnáminu er ýmist um að ræða fullt nám í dagskóla eða nám sniðið að þörfum þeirra sem stunda það samhliða starfi. Fjarnemar greiða sömu skrásetningargjöld og aðrir nemendur við háskólann en þurfa jafnan að greiða hófleg aðstöðugjöld til sinnar fræðslu- eða símenntunarstöðvar.

Verkefnastjóri fjarnáms er Daníel Freyr Jónsson.



RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARMIÐSTÖÐ – RHA

Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri er sjálfstæð eining innan HA. Stofnunin nýtur ekki fastra fjárframlaga, heldur aflar sér tekna með rannsóknarverkefnum og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir, ráðuneyti, félagasamtök og með rannsóknarstýrkjum innanlands sem utan.

Í árslok 2011 störfuðu 13 starfsmenn í um 9,8 stöðugildum við RHA og Sjávarútvegsmiðstöðina við Háskólann á Akureyri – SHA. Hlutverk RHA er að efla rannsóknarstarfsemi við Háskólann á Akureyri sem og að styrkja tengsl háskólans við atvinnulífið. Einnig hefur miðstöðin það hlutverk að vinna að þróun nýrra verkefna innan HA og koma þeim í réttan farveg.

Markmið með rekstri RHA er í meginatriðum fjórpætt:

- Efla umsýslu og þjónustu við rannsóknir innan HA með það að markmiði að efla rannsóknir við HA og auka fjármagn til rannsókna úr samkeppnissjóðum
- Vinna að þróunar- og sérverkefnum á vegum HA á skilvirk og markvissan hátt
- Vera tengiliður við setur og stofnanir sem starfa innan eða í tengslum við HA. Að skapa umgjörð til að hægt sé að hýsa litlar stofnanir og setur á sem skilvirkastan og hagkvæmastan hátt
- Vera tengiliður HA við atvinnulífið með því að sinna verkefnum fyrir atvinnulífið og stuðla að þekkingaryfirfærslu þangað frá HA

Auk þessa hefur RHA með höndum stjórnýslu rannsókna með þjónustusamningi við Háskólann á Akureyri. Er þar um að ræða eftirtalda þætti er lúta að stjórnýslu, umsjón, þjónustu og ráðgjöf við rannsóknir í HA:

- Umsjón með stigamati og rannsóknarskýrslum
- Umsjón með sjóðum og styrkumsóknum
- Þjónusta við dómnefnd HA vegna grunnmats og framgangs akademískra starfsmanna
- Umsjón með rannsóknarmissurum
- Umsjón með vinnumatssjóði
- Þjónusta við Vísindaráð HA

Þá hýsir RHA ýmis verkefni, bæði langtíma- og skammtímaverkefni. Má þar nefna skrifstofu Rannsóknþings Norðursins, Northern Research Forum – NRF, skv. þjónustusamningi við Háskólann á Akureyri. RHA sinnir umsýslu vegna Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar – SHA fyrir HA og teljast starfsmenn þessara stofnana með starfsmönnum RHA. Ennfremur hefur RHA þjónustað nemendur Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem hafa komið til HA til náms.

RHA er samstarfsaðili í nokkrum Evrópuverkefnum. Þar má nefna ESPON verkefni *Nordic Baltic Dialogues on Transnational Perspectives in Spatial Planning – NORBA og SeGI – Services of General Interest*. Þá umsýslar RHA svokallaðan ESPON-ECP tengilið í umboði Háskólans á Akureyri, en tengiliðir eru í öllum aðildarlöndum ESPON samstarfsins. Unnið var í stóru evrópsku rannsóknarverkefni á árinu en það kallast EU-NET ADB og rannsakar áhættu tengda net-ávana meðal 15 og 16 ára unglinga. Alls taka átta stofnanir í sjö löndum Evrópu þátt í rannsókninni.

Rannsóknarverkefni sem unnin voru af starfsmönnum RHA árið 2011 voru fjölbreytt en hefur fækkað undanfarin ár í kjölfar efnahagshrunsins. Eftirfarandi listi yfir verkefni er ekki tæmandi en sýnir þær rannsóknarskýrslur sem eru aðgengilegar á vefsíðu RHA, www.rha.is. Rétt er að benda á að ekki lýkur öllum verkefnum með skýrslu og þannig endurspeglar þetta ekki vinnu starfsmanna í erlendum rannsóknum. Á vef RHA má finna nánari upplýsingar um starfsemi RHA, www.rha.is

Rannsóknarskýrslur RHA 2011:

Efning náms í sjávarútvegsfræðum: Lokaskýrsla

Höfundar: Hreiðar Þór Valtýsson, Hörður Sævaldsson og Jón Ingi Björnsson

Efning náms í sjávarútvegsfræðum: Viðauki við lokaskýrslu

Höfundar: Hreiðar Þór Valtýsson, Hörður Sævaldsson og Jón Ingi Björnsson

Ferðþjónusta og skotveiðar á Íslandi: Handbók

Höfundar: Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Hjördís Sigursteinsdóttir, Steinar Rafn Beck og Valtýr Sigurbjarnarson



*Greinargerð faghóps Háskólans á Akureyri vegna samgöngu-
áætlunar 2011*

Höfundar: Andrea Hjálmsdóttir, Edward H. Huijbens, Eyrún J. Bjarnadóttir, Grétar Þór Eypórssson, Hjalti Jóhannesson, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Kjartan Ólafsson, Sveinn Arnarsson, Vífill Karlsson og Þóroddur Bjarnason

Jökulsá á Fjöllum, hófleg nýting með veitu í Háslón

Höfundar: Birgir Jónsson HÍ og Jón Þorvaldur Heiðarsson, HA

Könnun á sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir

Orkuskipti á fólksbílum á Íslandi: þjóðhagslegt mat

Höfundur: Jón Þorvaldur Heiðarsson

Sérstaða byggðar á Íslandi: samantekt á gögnum

Höfundar: Valtýr Sigurbjarnarson og Hjalti Jóhannesson

*Sustainable Planning of Megaprojects in the Circumpolar
North - broadening the horizon, gaining insight empowering
local stakeholders*

Höfundar: Hjalti Jóhannesson, Colette de Roo and Zoë Robaey



RANNSÓKNAPING NORÐURSINS, NORTHERN RESEARCH FORUM – NRF

Rannsóknarþing norðursins, Northern Research Forum – NRF. Rekstur skrifstofu Rannsóknarþings norðursins er samvinnuverkefni Háskólans á Akureyri, Rannsókn- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri – RHA og Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar. Framkvæmdastjóri skrifstofunnar er Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir. Ellefu manna alþjóðleg stjórn stýrir NRF og stjórnarformaður er Dr. Lassi Heininen frá Finnlandi. Styrktaraðilar NRF á árinu voru Norræna ráðherranefndin og National Science Foundation auk hjálplegra framlaga frá ýmsum aðilum í tengslum við ráðstefnuna *Okkar ísháða veröld*.

Markmið NRF er að skapa vettvang fyrir umræður um málefni Norðurlóða og að auka samvinnu vísindamanna og hagsmunaaðila á norðurlóðum. Viðfangsefni eru margvísleg svo sem loftslagsbreytingar, sjálfbær þróun, nýting auðlinda, menntun, heilsa og öryggi.

Til að uppfylla markmið sín skipuleggur NRF rannsóknarþing á tveggja til þriggja ára fresti í aðildarríkjum Norðurskautsráðsins, *The Arctic Council*. Forsvarsmenn NRF hvetja til að tekið sé heildrænt á málefnum norðursins og að reynsla og velferð samfélaga og fólks á svæðinu séu höfð að leiðarljósi. Því er leitast við að tryggja þátttöku á rannsóknarþingum frá sem flestum sviðum samfélagsins. Þátttakendur eru meðal annars vísindamenn, stjórnmálamenn, embættismenn, sveitarstjórnarmenn, frumbyggjar og síðast en ekki síst ungir vísindamenn. Um 15–20 ungir vísindamenn hljóta styrk til að sækja á þing og gegna þeir þar veigamiklu hlutverki.

Okkar ísháða veröld eða *Our Ice Dependent World* var haldin á Hótel Örk í Hveragerði 3. – 6. september 2011 og voru þátttakendur u.þ.b. 150 hvaðanæva að úr heiminum: Asíu, Ástralíu, Evrópu, Rússlandi og Norður-Ameríku. Skapaðist þar líflegur vettvangur fyrir umræður um málefni er varða hina svokölluðu „þrjá póla“: Norðurheimskautið, Suðurheimskautið og Himalayasvæðið og var meginþema þingsins bráðnandi ís og áhrif því samfara séð frá hnattrænum, lagalegum, efnahagslegum, samfélagslegum og pólitískum sjónarhornum. Gestgjafi og bakhjarl ráðstefnunnar var Háskólinn á Akureyri en einnig lögðu hönd á plóg Forsetaembætti Íslands, utanríkisráðuneytið, Rannís, Háskólasetur Suðurlands, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Jökklarannsóknafélag Íslands, Veðurstofan og Hveragerðisbær. Erlendir samstarfsaðilar voru Nansen Environmental and Remote Sensing Center í Bergen, Noregi og Norwegian Scientific Academy for Polar Re-



Í byrjun september stóðu Rannsóknarþing norðursins, Northern Research Forum – NRF, og Háskólinn á Akureyri fyrir sjötta rannsóknarþingi NRF sem bar yfirskriftina *Our Ice Dependent World*. Ráðstefnan var haldin í Hveragerði. Sóttu hana fulltrúar frá mörgum ríkjum á Norðurlóðum auk sérfræðinga í loftslagsbreytingum frá Himalayasvæðinu, svo sem Kína og Indlandi. Ráðstefnan er mikilvægur vettvangur fyrir þverfaglega og alþjóðlega umræðu um málefni er varða loftslagsbreytingar og tækifæri til að efla samstarf milli svæða þar sem áhrifa loftslagsbreytinga á vistkerfi, loftslag og samfélag gætir nú þegar.

search á Svalbarða. Verkefnisstjóri var Embla Eir Oddsdóttir, Rannsóknarþingi Norðursins og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.

Ungir vísindamenn voru sem fyrr mikilvægur þáttur í ráðstefnuhaldinu og voru í þetta sinn um fimmtán talsins, meðal annars frá Nepal og Kína, Norðurlóðalöndunum átta og Evrópu. Einnig var nemendum í mastersnámi í heimskautarétti við Háskólann á Akureyri boðið að taka þátt.

Á árinu 2011 tók NRF sem fyrr þátt í fjölbreytilegum verkefnum og fundum s.s. *Calotte Academi*, *Jokkmokk vetrarráðstefnunni* og *málstofu um öryggismál á Norðurlóðum* í samstarfi við Nexus, Rannsóknarvettvangur fyrir öryggis- og varnarmál. Einnig tók skrifstofa NRF þátt í skipulagningu kynningarfundar og málstofa heima og heiman, tók á móti fjölmörgum gestum og sendinefndum og tók þátt í útgáfu greiningar og samanburðs á stefnu Norðurlóðalandanna átta og Evrópusambandsins, á Norðurlóðasvæðinu, *Arctic Strategies and Policies: Inventory and Comparative Study*.



Northern Research Forum



UPPLÝSINGASVIÐ

Upplýsingasvið rak bókasafn háskólans og annaðist sérsöfn eins og lista- og steinasöfn. Auk þess annaðist upplýsingasvið mál er snerta útgáfu á skýrslum og hvers kyns ritröðum á vegum deilda. Aðra umsjú vegna útgáfumála háskólans annast Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA.

Fastráðnir starfsmenn á sviðinu í árslok 2011 voru fjórir talsins í 3,5 stöðugildum, auk þess var einn starfsmaður í hálfu starfi vegna samstarfssamnings um bókasafnsþjónustu við Hólaskóla – Háskólann á Hólum.

Starfsfólk bókasafnsins veitir m.a. ráðgjöf og aðstoð við upplýsingaleit og leggur áherslu á að veita nemendum, starfsfólki háskólans og öðrum lánþegum faglega og persónulega þjónustu. Bókasafnið hefur lagt áherslu á að geta boðið aðgang að vönduðu úrvali gagnasafna og rafrænna tímarita á fræðasviðum háskólans og reynt að byggja bóka- og tímaritakost safnsins upp jafnt og þétt þannig að hann endurspeglí fræðasvið skólans.

Hlutverk upplýsingasviðs er að annast kennslu og þjálfun í upplýsingalæsi og veita notendum safnsins þannig markvissan aðgang að víðtækri þekkingu hvaðanæva að. Mikil áhersla hefur verið lögð á kennslu og þjálfun nemenda í upplýsingalæsi en það er sú færni sem gerir mönnum kleift að leita upplýsinga, leggja mat á gæði þeirra og hagnýta þær í námi, kennslu og rannsóknum. Fræðsla í upplýsingalæsi (kennslustundir í deildum og námskeið fyrir nemendur og starfsfólk) fór samtals fram í 64 kennslustundum á árinu. Námskeið og kynningar fyrir starfsfólk HA fóru fram í tengslum við fræðsluáætlun HA í samstarfi við gæðastjóra.

Á bókasafni er starfrækt kennslugagnasafn sem er ætlað að þjóna jöfnum höndum nemendum og kennurum kennaradeildar Háskólans á Akureyri og grunnskóla- og leikskólakennurum á Norðurlandi eystra. Safninu berast samkvæmt samningi eintök alls efnis sem út kemur á vegum Námsgagnastofnunar.

Forstöðumaður upplýsingasviðs situr í verkefnisstjórn Skemmunnar, sem er rafrænt gagnasafn (digital repository) þar sem geymd eru lokaverkefni nemenda og einnig rannsóknarit kennara og fræðimanna. Auk þess er forstöðumaður þar fulltrúi Hólaskóla – Háskólans á Hólum sem hefur verið þátttakandi frá árslokum 2011. Þar með taka allir háskólarnir í landinu þátt í Skemmunni auk Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Geymslusafnið er samvinnuverkefni háskólanna en Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn sér um hýsingu og rekstur.

Á árinu bárust bóksafninu margar góðar bókaþjófir, þar á meðal bókasafn Stefáns Þorlákssonar fyrirverandi menntaskólakennara, og vegleg bókaþjóf á sviði líknarhjúkrunar frá fjölskyldu Hrundar Helgadóttur, hjúkrunarfræðings. Einnig barst safninu peningagjöf að upphæð kr. 250.000 frá stjórn FSHA veturinn 2010-2011 sem notuð var til bókakaupa fyrir nemendur HA.



FÉLAG STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI – FSHA

Af hagsmunamálum nemenda sem stjórn FSHA hlutaðist til um árið 2011 má nefna að stúdentar á viðskipta- og raunvísindasviði fengu fulltrúa í náms- og matsnefndir sviðsins. Er það mat FSHA að mikilvægt sé að stúdentar eigi fulltrúa í þeim nefndum og hafi þannig bein áhrif á uppbyggingu náms. FSHA beitti sér fyrir aukinni þátttöku nemenda í kennslumati í misseralok. Kennslumat er mikilvægt með tilliti til gæða náms og kennslu. Fulltrúar FSHA tóku þátt í Bologna-ráðstefnu í Háskóla Íslands. Hittust þar fulltrúar allra stúdentahreyfinga íslenskra háskóla og fengu fræðslu um Bologna ferlið og gæðamat íslenskra háskóla. Mun FSHA halda áfram að beita sér fyrir því að Bologna verkefninu verði framfylgt og veita yfirstjórn skólans aðhald í þeim efnum. Stúdentafélögin héldu með sér sameiginlegan fund þar sem farið var yfir ýmis sameiginleg hagsmunamál nemenda. Í framhaldinu er stefnt að auknu samstarfi á þeim vettvangi. Stjórn FSHA fundaði mánaðarlega með Stefáni B. Sigurðssyni rektor og ræddi þau mál sem helst brenna á nemendum. Skrifstofa FSHA var opin alla virka daga frá kl. 11:45 – 12:30 og höfðu stjórnarmeðlimir viðveru þar til skiptis.

Stjórn FSHA frá aðalfundi 19. mars til áramóta 2011 skípuðu:

Formaður: Kristín Baldvinsdóttir

Varaformaður: Hafrún Dögg Hilmarsdóttir

Fjármálastjóri: Jóhann Gunnar Kristjánsson

Skemmtanastjóri: Aníta Einarsdóttir

Kynningarfulltrúi: Leifur Guðni Grétarsson

Upplýsingafulltrúi: Daníel Sigurður Eðvaldsson

Alþjóðafulltrúi: Hákon Örn Hafþórsson

Íþrótt- og fjölskyldufulltrúi: Valdemar Pálsson

Nýnemafulltrúi í stjórn FSHA var valinn úr hópi nýnema á haustdögum 2011 og var Alfa Dröfn Jóhannsdóttir valin í embættið.

Formenn deildarfélaga voru:

Eir, félag heilbrigðisdeildarnema: Matthildur Birgisdóttir

Kumpáni, félag nema við félagsvísindadeild: Arnar Egilsson/Justyna Wróblewska

Bemis, félag laganema: Kolbrún Eva Ríkharðsdóttir

Magister, félag kennaradeildarnema: Þorbjörg Ólafsdóttir

Reki, félag nema við viðskiptadeild: Einar Hallsson

Stafnbúi, félag auðlindadeildarnema: Hanna Rún Jóhannesdóttir.

Fulltrúi FSHA í háskólaráði árið 2011 var Sveinn Arnarsson og til vara Hafdís Erna Ásbjarnardóttir.

Heimasíða félagsins : <http://www.fsha.is/>

Netfang félagsins: fsha@fsha.is



Stjórn FSHA 2011. Frá vinstri: Leifur Guðni Grétarsson, Jóhann Gunnar Kristjánsson, Hafrún Dögg Hilmarsdóttir, Valdimar Pálsson, Kristín Baldvinsdóttir, Aníta Einarsdóttir, Hákon Örn Hafþórsson, Daníel Sigurður Eðvaldsson.



Litill snáði þiggru gjöf úr hendi jólasveinsins á jólaballi FSHA í Miðborg.



Nýnemadagar eru haldir í seinni hluta ágúst mánaðar. Þá eru nýnemar boðnir velkomnir með hagnýtri fræðslu og ýmiss konar skemmtun, bæði staðarnemar og fjarnemar. Nýnemar fá að kynna sér aðstöðuna og þjónustuna ásamt því að hitta starfsfólk og kynnast sínum deildum sérstaklega. Nemendur sem innritast í byrjun árs fá einnig kynningu.



FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI – FÉSTA

Félagsstofnun stúdenta á Akureyri er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir nemendur og Akureyrarbær eiga aðild að. Tilgangur FÉSTA er að eiga og reka námsmannaíbúðir og annast aðra þjónustu við námsmenn. Sérstakar reglur gilda um úthlutun nemendahúsnæðis. Umsóknarfrestur um sumarvist til 1. mars og fyrir vetrarvist 20. júní.

Félagsstofnun rekur stúdentagarða við:

Skarðshlíð 46 með 14 herbergjum og 10 íbúðum sem teknar voru í notkun 1989,

Klettastíg með 12 herbergjum og 18 íbúðum sem teknar voru í notkun 1993-1994,

Drekagil þar sem 29 íbúðir voru teknar í notkun 2000,

Tröllagil með 36 tveggja og þriggja herbergja íbúðum sem teknar voru í notkun í september 2004 og Kjalarsíðu með 40 íbúðum sem teknar voru í notkun í ágúst 2008.

Framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta er Jónas Steingrímsson. Í stjórn stofnunarinnar sitja Steinunn Aðalbjarnardóttir verkefnastjóri skipuð af háskólaráði HA, Halla Margrét Tryggvadóttir starfsmannastjóri skipuð af Akureyrarbæ, Ólafur Búi Gunnlaugsson forstöðumaður skipaður af háskólaráði og Kristín Baldvinsdóttir og Hafrún Dögg Hilmarsdóttir nemar, skipaðar af af FSHA. Vefslóð FÉSTA er www.festaha.is.

SÍMENNTUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Símenntun Háskólans á Akureyri leitast við að bjóða upp á alhliða sí- og endurmenntun á háskólastigi með þarfir viðskiptavina og hagkvæmni í rekstri að leiðarljósi. Þar sem Símenntun HA nýtur ekki fjárveitinga frá Alþingi þarf starfsemin að standa undir öllum útlögðum kostnaði sem af henni hlýst og taka tillit til samkeppnislaga. Eitt stöðugildi og fjórðungur úr öðru að auki var hjá Símenntun við námskeiðahald á árinu. Það var aukning frá árinu áður og skilaði sér í aukinni starfsemi. Þjónusta er lýtur að fjárhagslegum rekstri og húsnæði var keypt af háskólanum sem fyrr.

Starfsemi haustsins hófst samkvæmt venju með aðfaranámsskeiðum í efnafræði, fjárhagsbókhalda, Excel og stærðfræði fyrir nýja háskólanemendur sem um 150 nemendur sóttu í staðar- og fjarkennslu víðs vegar um landið. Á hausmisseri voru þrjátíu og átta mismunandi nám/námskeið skipulögð. Spænsku- og ítölskunámskeið nutu mikilla vinsælda eins og undanfarin ár. Ítalska utanríkisráðuneytið hefur styrkt ítölskukennslu við Símenntun HA í mörg ár. Nám í verkefnastjórnunleiðtogaþjálfun hófst í október. Námið byggir á að efla fjóra megin færniþætti nemenda: Stefnumótunarfærni, leiðtogaþætti, skipulagsfærni og samskiptaþætti. Námið spannar tvö misseri. Lögð er áhersla á að kenna nemendum hagnýtar aðferðir og þjálfna þá í að beita þeim. Þetta nám hefur verið kennt í mörg ár hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og notið mikilla vinsælda. Var það mikið ánægjuefni að geta boðið það hér.

„Námið, sem stóð í tvö misseri, var haldið í samstarfi við Leiðsöguskólann í Kópavogi og SBA – Norðurleið, sem annaðist akstur vítt og breitt um Norðurland, en stór hluti námsins byggði á þjálfun í leiðsögn.“

Á vormisseri voru skipulögð 39 námskeið/lengra nám, mismunandi að innihaldi og lengd. Koma kennarar víða að til kennslunnar bæði frá háskólum sem og sérfræðingar úr atvinnulífinu. Samstarf er við ýmsar stofnanir á sviði mennta og vísinda um námskeið á ýmsum sérsviðum, til dæmis Greininga- og ráðgjafastöð ríkisins og Tölvumiðstöð fatlaðra. Slík námskeið hafa notið mikilla vinsælda meðal kennara og foreldra barna með ýmsar þroskaraskanir. Mest þátttaka var í námi í svæðisleiðsögn á Norðurlandi sem 33 nemendur hófu í febrúar. Námið, sem stóð í tvö misseri, var haldið í samstarfi við Leiðsöguskólann í Kópavogi og SBA – Norðurleið sem annaðist akstur vítt og breitt um Norðurland, en stór hluti námsins byggði á þjálfun í leiðsögn. Stuðningur SBA gerði námið mögulegt og kunnum við þeim bestu þakki fyrir.

Eins og undanfarin ár eru það fleiri konur en karlar sem sækja nám hjá Símenntun.

Á árinu var nemendahópurinn um 550 konur en karlar voru um 300. Þátttakendur á námskeiðum eru á öllum aldri en fjölmennustu hóparnir eru á milli 30 og 50 ára. Starfsemin jókst frá því árin áður sem vekur bjartsýni. Möguleikar til frekari vaxtar velta á því hvort starfshlutfall við Símenntun verður aukið til frambúðar.



SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐIN VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI – SHA

Meginmarkið Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar er öflun og miðlun upplýsinga á sviði sjávarútvegs milli skóla, stofnana og atvinnulífs og að styðja þannig við stefnu Háskólans á Akureyri í þeim efnum. Markmið miðstöðvarinnar er ennfremur að styrkja forystuhlutverk HA á sviði menntunar og rannsókna í sjávarútvegi með eflingu hagnýtra rannsókna, verkefna og kennslu tengdri sjávarútvegi.

Við Sjávarútvegsmiðstöðina er að jafnaði eitt stöðugildi auk starfsfólks sem ráðið er tímabundið fyrir rannsóknar- og verkefnastyrki. Starfsmenn eru því oft í hlutastarfi við SHA og sinna samhlíða kennslu í sjávarútvegsfræðum við HA, eru í M.Sc. námi eða eru verkefnaráðnir til lengri eða skemmri tíma. Forstöðumaður SHA er Hreiðar Þór Valtýsson sem jafnframt er lektor við auðlindadeild HA. Auk hans störfuðu við Sjávarútvegsmiðstöðina Bjarni Eiríksson, Daði Ólafsson, Halldór Pétur Ásbjörnsson, Hörður Sævaldsson, Jón Benedikt Gíslason, Anna Guðrún Árnadóttir og Jón Ingi Björnsson. SHA er í nánu samstarfi við Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA sem annast umsýslu varðandi verkefni og bókhald auk þess sem sérfræðingar RHA koma að vinnu við einstök verkefni.

Verkefni SHA árið 2011 voru:

- Háskólinn á Akureyri: Kennsla og kynning á sjávarútvegsfræðináminu.
- Grunnskólar Aureyrar: Kennsla á skólaskipinu Húna II.
- Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu Þjóðanna (UNU-FTP): Umsjón lokaverkefna. Skipulagning og umsjón árlegrar tíu daga námsvistar nemenda. Heimsókn til Jamaica og Belize vegna undirbúnings að námskeiði í verkefnastjórnun þróunarverkefna.
- Upplýsingaveita um íslenskan sjávarútveg, <http://www.fisheries.is>: Rekstur og ritstjórn vefgáttarinnar, verkefnið er unnið fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.
- Vistey - upplýsingagátt um lífríki sjávar í Eyjafirði, www.vistey.is: Uppsetning og regluleg uppfærsla vefsíðunnar sem opnuð var á árinu. Verkefnið var styrkt af Vaxtarsamningi Eyjafjarðar.
- Nefnd um endurskoðun á fyrirkomulagi fiskveiðistjórnunar: Starfsmenn SHA komu að vinnu nefndarinnar fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.
- Skelrækt –hagsmunasamtök skelræktenda: Starfsmaður SHA vann fyrir samtökin á árinu.
- Ígulkeraveiðar í Eyjafirði (M.Sc. verkefni): Verkefnið var styrkt af Verkefnasjóði sjávarútvegsins og lauk á árinu.
- Veiðar á báruskel í Breiðafirði og Eyjafirði: Verkefnið er styrkt af Verkefnasjóði sjávarútvegsins og hófst undir lok árs.

- Nýting á skötuselslifu (M.Sc. verkefni): Samstarf um nýtingu á skötuselslifu við Suðurland, styrkt af Vaxtarsamningi Suðurlands.
- Nýting á sundmögum: Verkefnið felst í að þróa vinnslu- aðferð á sundmögum til markaðsetningar í Kína og Hong Kong. Verkefnið er styrkt af AVS.
- Sjávar tengd ferðamenska: Unnið var að alþjóðlegu samstarfsverkefni með Norðmönnum, Færeyingum og Grænendingum um sjávar tengda ferðamensku, verkefnið var styrkt af NORA.
- Virðiskenning sjávarútvegs á Íslandi: Tekið var saman fyrir Matvælastofnun Sameinuðu Þjóðanna (FAO) yfirlit yfir þróun virðiskenningu sjávarútvegs á Íslandi. Verkefnið var styrkt af AVS.
- Erlend fiskveiðistjórnunarkerfi: Unnið var að því að taka saman yfirlit yfir helstu kerfi sem notuð eru til stjórnunar fiskveiða. Verkefnið var styrkt af Rannsóknasjóði HA.
- Bókaútgáfa: Gefin var út bók um landvinnslu Samherja á Dalvík sem notuð er sem kynningarefni um íslenskan sjávarútveg.
- • Fagnet um málefni strand- og hafsvæða á Norðurlöðum: Var stofnað innan Háskóla Norðurlöðanna (University of the Arctic) í samvinnu SHA og Háskólaseturs Vestfjarða.
- IASSA ráðstefna á Akureyri: SHA leiddi ásamt Háskólasetri Vestfjarða verkefnalotu um sjávarnyttjar á Norðurlöðum.
- Öflun styrkja til áframhaldandi verkefna.

Nánari upplýsingar um Sjávarútvegsmiðstöðina má finna á vefsíðu hennar, <http://www.sjavar.is>



Í júní tók rektor ásamt fleirum á móti Robert Verge framkvæmdastjóra Canadian Centre for Fisheries Innovation, Memorial University á Nýfundnalandi. Háskólamir hafa samstarf um kræklingaeldi og til stendur að starfa saman að rannsóknum og kennslu einnig. Sjávarútvegsmiðstöðin við HA er helsti tengiliður samstarfsins. Á myndinni eru Ögmundur Knúttsson dósent, Hreiðar Þór Valtýsson forstöðumaður SHA, Hans Kr. Guðmundsson forseti viðskipta- og raunvísindasviðs, Robert Verge og Stefán B. Sigurðsson rektor.

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA – RMF

Árið 2011 var unnið að verkefnum styrktum af Norðurslóðaáætlun ESB (NPP) og undirbúin kortlagning helstu auðlinda ferðapjónustunnar á Íslandi. Einnig fór fram árleg söfnun upplýsinga meðal farþega í beinu millilandaflugi frá Akureyrarvelli. Samhliða var unnið að öflun styrkja úr ýmsum sjóðum, svo sem sjóði ESB, Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar og innlendum rannsóknarsjóðum. Þá var eftt samstarf RMF við ýmsa aðila sem safna gögnum um íslenska ferðapjónustu og/eða stunda markaðssetningu Íslands fyrir ferðamenn.

Við lok árs var ljóst að RMF fær 30 mkr. framlag á fjárlögum Alþingis árlega næstu þrjú árin. Þar með er náð mikilvægu markmiði og verður miðstöðin mun betur í stakk búin til að sinna nauðsynlegum verkefnum til að efla þekkingu á íslenski ferðapjónustu.

Starfsmenn árið 2011 voru:

Dr. Edward H. Huijbens, forstöðumaður í 95% starfshlutfalli allt árið, Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingur í fullu starfi og Jón Gestur Helgason verkefnastjóri í 50% starfi. Eyrún Jenný var í fæðingarorlofi á seinni hluta ársins.

Stjórnarfundir á árinu voru þrjár og í stjórn áttu sæti:

Rögnvaldur Ólafsson frá Háskóla Íslands, formaður, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir frá Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri, varaformaður, Fjóla Björk Jónsdóttir frá Háskólanum á Akureyri, Anna Dóra Sæþórsdóttir frá Háskóla Íslands, Bjarnheiður Hallsdóttir, frá Samtökum ferðapjónustunnar, Kristína Tryselius frá Hólaskóla – Háskólanum á Hólum, tók við á aðalfundi af Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur, og Oddný Þóra Óladóttir frá Ferðamálastofu.

Rannsóknaverkefni ársins

Rural Tourism Transport – trans tourism

Verkefni um þróun sjálfbærra samgangna í þágu ferðapjónustu á jaðarsvæðum, á vegum Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins. RMF leiðir á Íslandi. Markmiðið er að þróa nýjungar í samgöngum jaðarbyggða í Norður – Evrópu sem byggja afkomu sína á ferðapjónustu að hluta eða öllu leyti.

Verkefnið er unnið í samvinnu við Svía, Skota og Íra og snýst um:

- Nýjar leiðir í flugsamgöngum fyrir ferðapjónustu til að draga úr árstíðabundnum sveiflum í greininni
- Samnýting flutningsleiða á aðföngum til áfangastaða og sorphirðu/endurvinnslu frá áfangastöðum
- Notendavæna upplýsingagjöf gegnum internetið og farsíma.

Nordic Wellbeing - A health tourism approach to enhance competitiveness of Nordic tourism

Norræn heilsutengd ferðapjónusta. Áherslan var á það hvort „norræn vellíðan“ geti nýst sérstaklega í markaðssetningu. Jarðböðin í Mývatnssveit voru valin sem viðfangsefni Íslands en einnig voru skoðaðar hugmyndir um heilsuferðapjónustu á landsvísi. Árið 2011 var lagður grundvöllur að fjölþjóðlegu samstarfsneti rannsóknaraðila og ferðapjónustuaðila um þróun og uppbyggingu heilsuferðapjónustu. Í árslok fékkst vilyrði fyrir styrk frá ESB, (TobeWELL – Tourism, wellbeing and ecosystem services) og verður framhald á verkefninu 2012.

Undirbúningur kortlagningar auðlinda ferðapjónustu á Íslandi

RMF hóf undirbúning að samræmdri kortlagningu auðlinda ferðapjónustu á Íslandi, stefnumótun og vörubrúun á landsvísi. Gerð verður úttekt á náttúru- og menningargæðum, innviðum þjónustu samgöngum og mannaúði. Rannsóknargögnin verða vistuð í landfræðilegu upplýsingakerfi sem gefur mikla möguleika á nýtingu þeirra. Verkefnið er unnið með fulltíngi Ferðamálastofu.

Brottfararkönnun á Akureyrarflugvelli

Gerð var árleg brottfararkönnun meðal flugfarþega með flugi Iceland Express til Kaupmannahafnar yfir háannatímann. Kannanar eru ferðavenjur, neyslumynstur og upplifun ferðamanna hér á landi. Byggir vinnan á sambærilegu verkefni meðal brottfararfarþega í Keflavík á vegum Rannsóknar og Ráðgjafar ferðapjónustunnar.

Könnunin er gerð í samvinnu við Flugstöðir, Viðskiptafræðideild Háskólans á Akureyri og sveitarfélag á Eyjafjarðarsvæðinu.



Samstarf við háskóla í Póllandi

Á árinu var áfram unnið að samstarfi um kennslu og rannsóknir milli RMF og aðila í Póllandi. Verkefnið er styrkt af EFTA sjóðnum *Fundusz Stypendialny i Szkoleniowy (FSS)*. Á árinu var farin ferð til Varsjá, Gdansk og Lublin og einnig tók RNF á móti gestum frá Póllandi.

Samstarf við háskóla í Hollandi

Á grunni óformlegs samkomulag við háskólann í Wageningen í Hollandi kemur einn nemandi á hverju misseri til starfsbjálfunar hjá RMF, fjóra mánuði í senn. Tveir nemendur komu árið 2011.

Árið 2011 voru umsvif RMF nokkuð minni en árið áður. Munaði þar mestu að starfsmenn voru færri en vanalega á seinni hluta ársins.

<http://www.rmfi.is/>





SAMNINGAR

Samningar

Í skránni hér á eftir er getið helstu samninga sem Háskólinn á Akureyri gerði á árinu. Fyrst er getið um samningsaðila, síðan eðli samningsins og loks dagsetningu undirskriftar. Auk þessa hafa deildir og svið gert fjölda samstarfssamninga, m.a. við erlendar stofnanir og háskóla.

Háskólinn á Akureyri og Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Samningur um útgáfu tímaritsins Uppeldi og menntun 2011. 25. janúar 2011.

Háskólinn á Akureyri, lagadeild og Akureyrarbær.

Starfsnámssamningur. 16. mars 2011.

Háskólinn á Akureyri og University of Central Florida.

Samstarfssamningur um kennslu og rannsóknir. 1. apríl 2011.

Háskólinn á Akureyri, lagadeild og Sýslumaðurinn á Akureyri.

Starfsnámssamningur. 15. apríl 2011.

Háskólinn á Akureyri og Flugfélag Íslands.

Samningur um eflingu rannsókna við Háskólann á Akureyri. 16. maí 2011.

Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Hólum.

Samstarfssamningur um stoðþjónustu. 9. maí 2011.

Háskólinn á Akureyri og Creditinfo Lánstraust hf.

Samningur um aðgang að Safni Hæstaréttardóma fyrir skólaárið 2011-2012. 29. september 2011.

Háskólinn á Akureyri, miðstöð skólaþróunar og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Samningur vegna útgáfu og höfundaréttar á Orðarún, lesskilningsprófi fyrir 3.-8. bekk grunnskóla. 7. nóvember 2011.

Háskólinn á Akureyri og FSHA Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri.

Samstarfssamningur. 9. nóvember 2011.

Háskólinn á Akureyri og The Institute for Marine and Antarctic Studies (IMAS), University of Tasmania.

Samstarfssamningur um kennslu og rannsóknir. 16. nóvember 2011.

Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Hólum.

Samningur opinberra háskóla um gagnkvæman aðgang nemenda að námskeiðum. 5. desember 2011.

Viljayfirlýsingar

Háskólinn á Akureyri, Amtsbókasafnið á Akureyri og Nonnahús á Akureyri.

Viljayfirlýsing um að stofnað verði sjálfstætt Rannsóknasetur um barnabókmenntir og lestur barna við Háskólann á Akureyri. 16. nóvember 2011.



STYRKIR

Í febrúar var úthlutað styrkjum úr Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri. Alls bárust 37 umsóknir þar af 33 um styrki til rannsókna. Úthlutað var kr. 12.582.000 til 20 umsækjenda. Eftirtaldir hlutu styrk:

Arnheiður Eypórsdóttir. Örveruhemjandi efni frá sjávarbakteríum. Kr. 1.000.000.

Ársæll Már Arnarsson. Áhættuþættir aldursbundinnar hrörnunar í augnbotnum (age-related macular degeneration). Kr. 200.000.

Ársæll Már Arnarsson. Notkun stofnfruma til endurbyggingar skaddaðra hornhimna. Kr. 400.000.

Eva Halapi. Climate change in young adult Icelanders. Kr. 900.000.

Finnur Friðriksson. Málfélagslegt umhverfi fjöltyngdra barna. Kr. 900.000.

Hilmar Hilmarsson. The effectiveness of the Icelandic international development cooperation. Kr. 200.000.

Hjörleifur Einarsson. Áhættumat vegna lífrænna háska í skel-fiski. Kr. 800.000.

Hreiðar Þór Valtýsson. Fiskveiðistjórnunarkerfi – samanburður. Kr. 600.000.

Kjartan Ólafsson. Ráðstefna norrænna fjölmiðlafræðinga. Kr. 660.000.

Kristinn P. Magnússon. Arfgerðargreining íslenska fálkans með örtunglum. Kr. 952.000.

Kristín Guðmundsdóttir. Snemmtæk íhlutun dreifbýlisbarna með fjarþjónustu sérfræðinga. Kr. 400.000.

Kristín Þórarinsdóttir. Notagildi og þróun sjálfsmats í endurhæfingu. Kr. 500.000.

Nikolai Gagunashvili. Þróun greiningartækni til fíntúlkunar og nákvæmnisgreiningar á öreindafræðigögnum frá risahraðlinum Large Hadron Collider. Kr. 900.000.

Oddur Vilhelmsson. Örverulífriki Jökulsár á Fjöllum. Kr. 750.000.

Rachael L. Johnstone. Mannréttindi í þrengingum. Kr. 800.000.

Rósa Kristín Júlíusdóttir. Starfshættir í list- og verkgreinum í grunnskólum. Kr. 250.000.

Rúnar Sigþórsson. Nám, bekkjarandi og rödd nemenda. Kr. 400.000.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir. Heilsa, hegðun og líðan unglinga; menning, kyn og kynhneigð. Kr. 150.000.

Steingrímur Jónsson. Ferskvatnsflutningur með Austur Íslandsstraumi. Kr. 1.100.000.

Ögmundur Knútsson. Mikilvægi fiskveiðistjórnunar á innri virkni gildiskeðju bolfisks. Kr. 720.000.

Þann 11. júní afhentu Stefán B. Sigurðsson rektor Háskólans á Akureyri og Halldór Jóhannsson framkvæmdastjóri KEA, 2,5 milljónir króna úr Háskólasjóði KEA. Að þessu sinni voru veittir níu rannsóknarstyrkir en tuttugu umsóknir bárust sjóðnum. Við úthlutun var horft til þess að verkefni tengdust starfsemi skólans. Eftirtaldir aðilar hlutu styrk:

Arnheiður Eypórsdóttir. Örveruhemjandi efni úr sjávarörverum. Kr. 200.000.

Jóhann Örylgsson. Notkun sellulósa sundrandi hitakærra baktería í líftækni. Kr. 300.000.

Kristín Guðmundsdóttir. Vefsíða fyrir fjarráðgjöf í snemmtækri íhlutun dreifbýlisbarna. Kr. 250.000.

Oddur Vilhelmsson. Örverur í Undirheimum - tegundasamsetning hellaslíms í Vatnshelli. Kr. 200.000.

Ragnar Stefánsson. Jarðskjálftaspárrannsóknir - kynning á niðurstöðum. Kr. 150.000.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. Hlutverk flugvalla í þróun áfangastaðar - mikilvægi millilandaflugs um Akureyrarflugvöll. Kr. 150.000.

Rúnar Sigþórsson. Rannsókn á byrjendalæsi (BL - rannsóknin). Kr. 300.000.

Sólveig Ása Árnadóttir. Mat á daglegri hreyfingu eldra fólks með hreyfimælinum ActivPAL og stöðluðum spurningalista. Kr. 400.000.

Þóroddur Bjarnason. Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri. Kr. 400.000.



Viðurkenningar fyrir góðan námsárangur hlutu:

Björn Líndal Traustason, viðskipta- og raunvísindasvið, kr. 50.000.

Sigríður Elín Þórðardóttir, heilbrigðisvísindasvið, kr. 50.000.

Heiða Björk Pétursdóttir, hug- og félagsvísindasvið, kr. 50.000.

Á árinu hlutu eftirtaldir styrk úr verkefnasjóði Háskólans á Akureyri (styrkir frá Akureyrarbæ):

Hreiðar Þór Valtýsson. Ráðstefna Skelræktar. Kr. 100.000.

Ágúst Þór Árnason. Ráðstefna um lög og réttmæti í samfélagi. Kr. 100.000.

Sigrún Magnúsdóttir. Ráðstefna um nám og gæði. Kr. 100.000.

Rachael Lorna Johnstone. Mannréttindi í þrengingum. Kr. 100.000.

Helgi Gestsson. Ársfundur EkoTekNord. Kr. 80.000.

Rannsóknarþing norðursins. Kynningarfundur fyrir unga vísindamenn á sviði heimskautafræða. Kr. 50.000.

Sigrún Vésteinsdóttir. Ráðstefnubærinn Akureyri. Kr. 150.000.

Arnheiður Eypórsdóttir. Styrkur til að standa straum af kostnaði við afmælisráðstefnu MNÍ. Kr. 100.000.

Hreiðar Þór Valtýsson. Ársfundur fagneta Háskóla Norðurlóða á Akureyri 2011. Kr. 100.000.

Hreiðar Þór Valtýsson. Vistey – upplýsingagátt um líf í Eyjafirði. Kr. 100.000.

Rósa Kristín Júlíusdóttir. CAVIC Contemporary Art and Visual Culture in Education. Kr. 100.000.

Stjórn Rannís úthlutaði á árinu styrkjum til verkefna við Háskólann á Akureyri.

Styrkþegar úr Tækjasjóði Rannís á árinu voru:

Jóhann Örlýgsson. Gasadgreiningartæki – Gas chromatograph. Kr. 2.864.000.

Jóhann Örlýgsson. LífEldsneyti. Kr. 30.000.000. Öndvegisstyrkur.

Nýsköpunarsjóður námsmanna.

Arnar Óskar Egilsson. Er hægt að nota tölvuleiki til þess að draga úr einkennum þunglyndis? Kr. 510.000.

Monika Margrét Stefánsdóttir. Grímsey í nýju ljósi: undirbúningsvinna fyrir sögusýningu í Grímsey. Kr. 510.000.

Egill Björn Thorstensen. Bakteríur í hellaslími í Vatnshelli á Snæfellsnesi. Kr. 510.000.

Hugrún Lísa Heimisdóttir. Próteinmengjagreining meltingarvegs þorsklirfa. Kr. 510.000.

EITT OG ANNÆÐ



Fræðimenn við HA ásamt fyrrum nemendum skólans settu á fót Rannsóknarmiðstöð gegn ofbeldi. Markmiðið er að útrýma öllu ofbeldi, einkum gegn börnum, og ofbeldi í nánum samböndum. Rannsóknarmiðstöðin mun standa fyrir fræðslu um birtingarmyndir ofbeldis og afleiðingar þess og veita styrki til rannsókna á ofbeldi. Í stjórn eru: Ágúst Þór Árnason aðjúnt, deildarformaður, Árún Kr. Sigurðardóttir forseti heilbrigðisvísindasviðs, Ársæll Már Arnarsson prófessor, Geirlaug Björnsdóttir framkvæmdastjóri Starfsendurhæfingar Norðurlands, Giorgio Baruchello prófessor, Héðinn Sigurðsson heilsugæslulæknir á Blönduósi, Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, Sigríður Inga Karlsdóttir dósent, Sigríður Halldórsdóttir prófessor, Sigrún Sigurðardóttir forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar gegn ofbeldi, Sigurður Kristinsson forseti hug- og félagsvísindasviðs, Sóley Björk Stefánsdóttir fjölmiðlafræðingur og Þuríður Árnadóttir sjúkráþjálfari.



Rektor skólans tók á móti sendiherra Bretlands, Ian Whitting. Sendiherrann kynnti sér starfsemi háskólans, Sjávarútvegs- miðstöðina og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar sérstaklega.



Ráðstefnan *Betri í dag en í gær* um nám og gæði í háskólum var haldin við Háskólann á Akureyri í lok maí. Ráðstefnan var skipulögð á vegum íslensku Bologna-sérfræðinganna og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Meðal annars var fjallað um hið nýja gæðaráð háskólanna, ábyrgð á gæðamálum og eflingu gæðamála, innleiðingu hæfniviðmiða og vinnuálag nemenda, svo nokkuð sé nefnt.

Íslenskir háskólar standa á tímamótum hvað gæðamál varðar.



Í júní fór fram sjöunda ráðstefna Alþjóðlegra norðurlóðasamtaka félagsvísindamanna, IASSA, í Háskólanum á Akureyri. Yfirskrift hennar var *Sjónarhorn heimskautsvæðanna í alþjóðlegri samræðu*. Milli 400 og 450 þátttakendur voru á ráðstefnunni sem þótti takast afar vel. Meðal annars reyndist nýja húsnæðið og aðstaðan mjög vel. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar sem stóð að ráðstefnunni og var aðalskipuleggjandi hennar Jón Haukur Ingimundarson sviðsstjóri.



Öskudagslið HA í aðdraganda árhátíðar starfsfólks.

Frá árhátíð starfsfólks.



Edward H. Huijbens forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála, Ólína Freysteinsdóttir verkefnastjóri og Gunnhildur Helgadóttir skrifstofustjóri hjá RHA.



Ingveldur Tryggvadóttir skjalastjóri og Dagmar Ýr Stefánsdóttir forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs. Á milli þeirra er sérstakur gestur árhátíðarinnar Abdul-Qahhar kominn til að kynna sér fjárfestingarmöguleika á svæðinu.



Í september var haldin í Nuuk á Grænlandi ráðstefna um heimskautarétt, Polar Law Symposium, undir heitinu *Arctic Governance*. Fyrir henni stóð Heimskautaréttarstofnunin á Akureyri ásamt HA og háskólanum í Nuuk, Ilisimatusarfik. Ráðstefnuna sátu fræðimenn og embættismenn víða að úr heiminum og var forseti Íslands meðal gesta. Margir styrktu ráðstefnuhaldið svo sem utanríkisráðuneyti Grænlands og Íslands, HA og fleiri háskólar og einnig Arngrímur Jónsson flugmaður á Akureyri. Á myndinni eru meðal annars Stefán B. Sigurðsson rektor og Níels Einarsson forstöðumaður Stofnunar Vilhjálms Stefáns-sonar.

EITT OG ANNÐ



Árið 2011 var mikið ráðstefnuár. Frá Nordmedia ráðstefnu í HA í ágúst. Yfirskrift hennar var *Media and Communication studies - Doing the right thing?* Þetta var í tuttugasta skipti sem slík ráðstefna er haldin. Þar hittust á þriðja hundrað fjölmiðlafræðinga frá háskólum á öllum Norðurlöndunum.



Frá athöfninni í Hofi 29. september. Á myndinni sjást vel Erlingur Sigurðarson og Bragi Guðmundsson prófessor.



Þann 29. september undirrituðu utanríkisráðherrar Noregs og Íslands, Jonas Gahr Støre og Össur Skarphéðinsson, samning um vísindasamstarf í Norðurslóðamálum. Undirritunin fór fram við hátíðlega athöfn í menningarhúsinu Hofi. Samningurinn felur meðal annars í sér stöðu rannsóknaprófessors í Norðurslóðafræðum við Háskólann á Akureyri til þriggja ára, svokallaða Nansenstöðu. Með þessu styrkja Íslendingar og Norðmenn samstarf sitt í málefnum Norðurslóða.



Sýning um Fridthjof Nansen heimskautafara og vísindamann var opnuð í tilefni af undirritun samningsins um Norðurslóðamál. Sýningin stóð í Miðborg í nokkra daga í október.



Í október var undirritaður samningur milli innanríkisráðuneytis (Nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins) og HA um rannsókn á viðhorfum sveitarstjórnarmanna, bæjar- og sveitarstjóra og alþingismanna til ýmissa mála tengdum sveitarstjórnarstiginu. Verkefnisstjóri var Grétar Þór Eypórssón prófessor, í fremri röð t.h. Aðrir á myndinni eru Ögmundur Jónasson ráðherra, Þorleifur Gunnlaugsson og Stefán B. Sigurðsson rektor.



Heilsudagur í HA 4. mars.

Ýmislegt var þá gert til að vekja athygli á mikilvægi þess að huga að heilsunni.

Kristín Aðalsteinsdóttir prófessor stýrði slökunaræfingum í hreyfisálfum á Sólborg og Matthías Henriksen umsjónarmaður og Gunnhildur Helgadóttir skrifstofustjóri RHA, bæði nuddarar, buðu upp á hressandi herðanudd.

Hér er Eygló Björnsdóttir lektor í kennaradeild í stólum.



Alþjóðadagurinn í HA var haldinn 27. október. Í Miðborg ríkti alþjóðleg stemming og kynntir voru möguleikar á skiptinámi og kennaraskiptum.



Frá Sprellmóti Félags stúdenta við HA sem haldið var í október.



EITT OG ANNAD



Svipmyndir úr starfsmannaferð HA í október. Leiðin lá norður á bóginn, um jarðgöng gegnum Tröllaskaga og heim að Hólum með viðkomu á ýmsum merkjum stöðum. Í rútnni sitja fremst Sigrún Vésteinsdóttir verkefnastjóri á RHA og hjá Símenntun og Ingveldur Tryggvadóttir skjalastjóri. Á hinni myndinni eru Sigrún Sveinbjarnardóttir dósent og Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála.



Í apríl var haldin Atvinnu- og nýsköpunarhelgin í Háskólanum á Akureyri. Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands setti helgina. Um 70 þátttakendur voru skráðir til leik. Fjöldmargar hugmyndir að nýsköpunarverkefnum voru kynntar og nokkrar valdar úr til frekari þróunarvinnu þá um helgina. Að lokum verðlaunaði dómnefnd bestu hugmyndirnar. Fyrsta sæti hlaut Arctic Ocean World, verkefni um sjávardýragarð á Akureyri. Hreiðar Þór Valtýsson lektor við HA var forsprakki hugmyndarinnar. Hér sést hann ásamt teyminu sem vann hugmyndina.

Dagbjört Brynja Harðardóttir starfandi markaðs- og kynningarstjóri HA átti hugmyndina Upplifun, ævintýri innan seilingar sem er fólgin í stofnun vefsíðufyrirtækis fyrir fjölskylduvæna og heilsusamlega afþreyingu og skemmtun á svæðinu. Sú hugmynd var einnig meðal þeirra sem hlutu verðlauna.



Stefán Jóhannsson sérfræðingur í upplýsingatækni og Erlingur Harðarson kerfisstjóri, samskiptamiðstöð HA.



Á árlegri Vísindavöku RANNÍS í Háskólabíói í september voru kynnt nokkur verkefni við HA: Eldsneyti úr lífrænum efnum – orkujafi framtíðarinnar? (auðlindadeild), RHA kynnti evrópska könnun á netnotkun ungs fólks, og miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri kynnti lestrarverkefnið Fágæti og furðuverk.

EITT OG ANNÆÐ



Upplesarar úr eyfirkum grunnskólum á Degi Íslenskrar tungu.

Á Degi Íslenskrar tungu þann 16. nóvember var efnt til dag-skrár í hátíðarsal HA á vegum háskólans, Menningarfélagsins Hrauns í Öxnadal og grunnskóla í Eyjafirði.

Brynhildur Þórarinsdóttir dósent og Guðmundur Engilbertson lektor fluttu erindi, börn úr grunnskólum í Eyjafirði fluttu ljóð eftir Jónas Hallgrímsson og kennaranemar við HA sáu um tónlistaratriði. Þá var undirrituð viljayfirlýsing um stofnun rannsóknaseturs um barnabókmenntir og lestur við HA. Hana undirrituðu Haraldur Þór Egilsson safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri, Hólmkell Hreinsson amtsbókavörður og Stefán B. Sigurðsson rektor.

Sama dag var haldin í HA málstofa um rithöfundinn Jón Sveinsson, Nonna, sem fæddur var 16. nóvember 1857.



Þann 8. nóvember var brugðið út af vananum og Íslandsklukkunni hringt, en það er annars bara gert í upphafi skólaárs og 1. desember. Dagurinn var tileinkaður baráttu gegn einelti og af því tilefni hringdi rektor klukkunni 10 sinnum. Meðal viðstaddra voru börn af leikskólanum Tröllaborgum og starfsfólk háskólans.



Barnakór Giljaskóla söng í Miðborg á fullveldishátíð 1. desember.



Að venju var 1. desember haldinn hátíðlegur. Haldið var málfing um nýja stjórnarskrá og Íslandsklukkunni var hringt ellefu sinnum. Það gerði Kristín Ástgeirsdóttir jafnréttisstýra og fulltrúi í háskólaráði HA. Í bókasafni HA var opnuð sýning á listaverkum í eigu skólans. Sýningarstjóri var Guðmundur Ármann Sigurjónsson. Í Miðborg var boðið upp á jólalegar kræsingar og Barnakór Giljaskóla söng.

EITT OG ANNÆÐ



Í jólaboði starfsfólks, frá vinstri Sigríður Inga Karlsdóttir dósent, Sigríður Vilhjálmsdóttir verkefnastjóri og Astrid Margrét Magnúsdóttir forstöðumaður kennslusviðs.



Viðar Sigmarsson les frumsamda sögu sína í jólaboðinu.



Aðventuhátíð heilbrigðisvísindasviðs í byrjun desember.



Þann 5. desember skrifuðu rektorar opinberu háskólanna og mennta- og menningarmálaráðherra undir samstarfssamning um gagnkvæman aðgang nemenda að námsframboði háskólanna. Hann auðveldar nemendum að sækja námskeið milli skólanna og gefur tilefni til aukins samráðs og samstarfs milli deilda háskólanna um námsframboð.




Stund milli stríða hjá nemendum.



Jólastund á bókasafninu. Upplýsingasvið hefur í desember samverustund á bókasafninu. Það er sögustund við kertaljós og smákökur í boði. Hér les Sigríður Hrefna Pálsdóttir tæknimaður á Gagnasmiðju úr bók Gunnars Gunnarssonar, *Aðventa*.

ÁRSREIKNINGUR 2011

Skipting kostnaðar




Rekstrarreikningur árið 2011

| | 2011 | 2010 |
|--|----------------------|----------------------|
| Tekjur | | |
| Innritunargjöld | 75.765.723 | 71.824.916 |
| Framlög og styrkir | 139.664.274 | 142.574.656 |
| Aðrar tekjur | <u>152.293.422</u> | <u>131.848.447</u> |
| | <u>367.723.419</u> | <u>346.248.019</u> |
| Gjöld | | |
| Laun og launatengd gjöld | 1.140.814.090 | 1.142.720.766 |
| Húsnæðiskostnaður | 200.498.995 | 182.794.726 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 63.886.711 | 72.903.997 |
| Funda- og ferðakostnaður | 64.625.853 | 56.946.236 |
| Aðkeypt sérfræðipjónusta | 76.113.071 | 80.892.586 |
| Annar rekstrarkostnaður | 65.162.663 | 59.775.117 |
| Tilfærslur | <u>42.804.923</u> | <u>51.374.325</u> |
| | 1.653.906.306 | 1.647.407.753 |
| Eignakaup | <u>14.238.206</u> | <u>9.368.841</u> |
| | <u>1.668.144.512</u> | <u>1.656.776.594</u> |
| Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármunatekjur | (-1.300.421.093) | (-1.310.528.575) |
| Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) | 2.529.357 | 7.725.012 |
| Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins | (-1.297.891.736) | (-1.302.803.563) |
| Ríkisframlag | <u>1.312.455.400</u> | <u>1.331.426.000</u> |
| Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins | <u>14.563.664</u> | <u>28.622.437</u> |



Skipting tekna



Efnahagsreikningur 31. desember 2011

| | 2011 | 2010 |
|-----------------------------------|---------------------------|---------------------------|
| Eignir | | |
| Áhættufjármunir | <u>14.000.000</u> | <u>14.000.000</u> |
| Eignarhlutir í félögum | <u>14.000.000</u> | <u>14.000.000</u> |
| Veltufjármunir | | |
| Viðskiptakröfur | 83.611.210 | 72.908.143 |
| Handbært fé | <u>117.246.989</u> | <u>110.665.692</u> |
| | <u>200.858.199</u> | <u>183.573.835</u> |
| Eignir alls | <u><u>214.858.199</u></u> | <u><u>197.573.835</u></u> |
| Eigið fé og skuldir | | |
| Eigið fé | | |
| Höfuðstóll: | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | (50.548.430) | (79.170.867) |
| Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins | <u>14.563.664</u> | <u>28.622.437</u> |
| | <u>(35.984.766)</u> | <u>(50.548.430)</u> |
| | | |
| | Eigið fé | <u>(35.984.766)</u> |
| | | <u>(50.548.430)</u> |
| Skuldir | | |
| Skammtímaskuldir | | |
| Ríkissjóður | 176.057.976 | 196.800.745 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 21.197.679 | 19.067.093 |
| Viðskiptaskuldir | <u>53.587.310</u> | <u>32.254.427</u> |
| Skuldir | <u>250.842.965</u> | <u>248.122.265</u> |
| Eigið fé og skuldir | <u><u>214.858.199</u></u> | <u><u>197.573.835</u></u> |



BRAUTSKRÁNING 11. JÚNÍ 2011

Háskólinn á Akureyri brautskráði 426 kandiðata á háskólahátíð 11. júní. Af þessum hópi voru 61 sem stunduðu fjarnám fyrir milligöngu háskólasetra og símenntunarmiðstöðva, 194 sem stunduðu lotunám og 171 staðarnám. Flestir kandiðatar voru brautskráðir frá hug- og félagsvísindasviði eða 271. Frá viðskipta- og raunvísindasviði brautskráðust 83 kandiðatar og frá heilbrigðisvísindasviði 72.

Á háskólahátíð veitti rektor í þriðja sinn viðurkenningu til starfsmanns fyrir árangur í starfi. Verðlaunin hlaut Jón Haukur Ingimundarson dósent við félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasviði. Hann er ennfremur sviðsstjóri á Stofnun Vilhjalms Stefánssonar. Viðurkenningin var að þessu sinni veitt fyrir afburða frammistöðu í starfi sem eykur gæði náms og kennslu, til að mynda hvernig kennara tekst að samþætta kennslu og rannsóknir, sbr. reglur um veitingu viðurkenninga til starfsmanna HA.

Brautskráning var sem hér segir:

B.S. próf í hjúkrunarfræði 43
 B.S. próf í iðjubjálfunarfræði 9
 Dipl.Sc. í heilbrigðisvísindum 12
 M.S. próf í heilbrigðisvísindum 8
 B.A. próf í fjölmiðlafræði 8
 B.A. próf í nútímafræði 4
 B.A. próf í samfélags- og hagþróunarfræði 3
 B.A. próf í sálfræði 17
 B.A. próf í þjóðfélagsfræði 6
 B.Ed. próf í leikskólakennarafræði 19
 B.Ed. próf í grunnskólakennarafræði 20
 Kennslufræði til kennsluréttinda 127
 M.Ed. próf í kennarafræði til kennsluréttinda 4
 Dipl.Ed. í menntunarfræði 23
 M.Ed. próf í menntunarfræði 13
 B.A. próf í lögfræði 14
 Diploma í heimskautarétti 2


M.A. próf í heimskautarétti 1
 M.L. próf í lögfræði 10
 B.S. próf í líftækni 1
 B.S. próf í sjávarútvegsfræði 1
 B.S. próf í umhverfis- og orkufræði 2
 M.S. próf í auðlindafræði 5
 M.R.M. próf í haf- og strandsvæðastjórnun 13
 B.S. próf í viðskiptafræði 50
 M.S. próf í viðskiptafræði 11

Viðurkenningu fyrir námsárangur hlutu:

Auðlindafræði – Ívar Örn Pétursson
 Félagsvísindi – Heiða Björk Pétursdóttir
 Grunnskólakennarafræði – Sigþór Atli Björnsson
 Hjúkrunarfræði – Sigríður Elín Þórðardóttir
 Iðjubjálfunarfræði – Ásta Margrét Rögnvaldsdóttir
 Leikskólakennarafræði – Dóra Rún Kristjánsdóttir
 Lögfræði – Hjalti Ómar Ágústsson
 M.A í heimskautarétti – Nikolas Peter Sellheim
 M.Ed. í kennarafræði til kennsluréttinda – Heiðar Þór Rúnarsson
 M.Ed menntunarfræði – Katrín Björg Rikarðsdóttir
 M.L. í lögfræði – Ingólfur Friðriksson
 Viðskiptafræði – Björn Líndal Traustason

Brautskráðir frá upphafi

| Deild | 2011 | Samtals |
|--------------------------------|------------|--------------|
| Auðlindaeild | | 49 |
| Félagsvísinda- og lagadeild | 65 | 361 |
| Heilbrigðiseild | 72 | 841 |
| Kennaradeild | 206 | 1.602 |
| Viðskipta- og raunvísindadeild | 83 | 397 |
| Viðskipta-/Rekstrardeild | | 476 |
| Sjávarútvegsdeild | | 96 |
| Upplýsingatæknideild | | 32 |
| Samtals | 426 | 3.854 |



BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS



Kæru kandidatar, fyrrverandi rektor, ágætu gestir og samstarfsfólk.

Ég býð ykkur öll innilega velkomin til þessarar árlegu háskólahátíðar Háskólans á Akureyri.

Háskólinn á Akureyri er að ljúka sínu tuttugasta og fjórða starfsári og gerir það með því að útskrifa 426 einstaklinga með háskólapróf. Þar með hefur háskólinn útskrifað næri fjögur þúsund nemendur á starfstíma sínum.

Ég vil í upphafi beina orðum mínum sérstaklega til ykkar, kandidatar, sem eruð að útskrifast í dag. Prófum er lokið og þið hafið náð þeim áfanga sem þið hafið stefnt að undanfarin ár. Þið eruð í þann mund að fá í hendur skírteini sem staðfestir að þið hafið lokið háskólaprófi frá viðurkenndum háskóla.

Elsti háskóli landsins og lengi vel sá eini, Háskóli Íslands, er eitt hundráð ára á þessu ári og við óskum nemendum og kennurum hans til hamingju. Hí hóf starfsemi árið 1911 en fram að þeim tíma þurftu Íslendingar að sækja nær alla háskólamenntun til útlanda og þá einkum til Kaupmannahafnar.

Á þessum tíma var íbúafjöldi landsins tæplega 100 þúsund manns. Við stofnun skólans komu fram miklar úrtölur. Margir töldu að svo fámennt þjóð gæti ekki borið uppi sjálfstæðan háskóla, nær væri að hafa hér útibú frá Kaupmannahafnarháskóla. Til að stofna hér háskóla þurfti bæði kjark og þor.

Svipað var uppi á teningnum 76 árum síðar, árið 1987, þegar Háskólinn á Akureyri var stofnaður. Þá bjuggu á Íslandi um 250 þúsund manns og þar af um 100 þúsund á landsbyggðinni eða álíka margir og bjuggu á landinu öllu þegar Háskóli Íslands var stofnaður.

Háskólinn á Akureyri hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á að þjóna þeim sem búa og starfa í dreifbýli hér á landi. Um 70% háskólanema sem útskrifast hafa héðan starfa á landsbyggðinni og hefur skólinn því átt mikinn þátt í að hækka menntunarstig landsbyggðarinnar. Án nokkurs vafa hefur það dregið mjög úr fólksflutningi til höfuðborgarsvæðisins.

Á síðustu þrettán árum hefur háskólastofnunum á Íslandi fjölgað nokkuð og er talað um sjö háskóla. Þessi þróun hefur án efa verið til góðs fyrir háskólamenntun í landinu þegar á heildina er litið. En ýmsir líta þennan fjölda hornauga og álíta að sameining háskóla sé lausnin á fjárhagsvanda þeirra. Nýlega kom fram á Alþingi þingsályktunartillaga um að fækka

háskólastofnunum úr sjö í tvær. Ekki er farið nánar út í það í tillögunni hvaða tvær stofnanir eru hafðar í huga. Ekki liggur heldur fyrir að slík sameining skili sér í lækkun kostnaðar við menntun háskólanema í landinu.

Í mínum huga myndi það þýða dauðadóm fyrir Háskólann á Akureyri ef hann yrði gerður að útibúi frá háskólastofnun á höfuðborgarsvæðinu. Höfuðstöðvarnar yrðu ávallt látnar ganga fyrir. Við höfum séð mörg dæmi þessa hjá fyrirtækjum. Það væru jafnframt mjög ákveðin skilboð um að sækja beri alla þjónustu til höfuðborgarsvæðisins.

En til hvaða ráða er þá hægt að grípa til að leysa fjárhagsvanda háskólanna?

Í fyrsta lagi þarf að auka fjárveitingar til háskóla enda reukum við eitt ódýrasta háskólakerfi í Evrópu og í öðru lagi þurfum við að auka mjög samstarf háskólastofnana.

Ég tel að við séum nú þegar komin vel af stað hvað þetta varðar. Síðastliðið haust kom fram stefna ríkistjórnarinnar í mállefnum opinberra háskóla. Þar er lögð áhersla á auknið samstarf skólanna en um leið á sjálfstæði þeirra. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að þetta tvennt geti farið saman. Við höfum mörg dæmi þess erlendis frá að skólar myndi með sér samstarfsnet en haldi sjálfstæði sínu. Þessi net hafa skilað mjög góðum árangri. Með því að viðhalda sjálfstæði eininganna er haldið uppi þeim krafti og þeirri hugsjón sem felst í því að reka sjálfstæða stofnun.

Fyrir nokkrum vikum skrifuðu opinberu háskólarnir fjórir, Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands, undir rammisamning um samstarf í stoðþjónustu. Þar er þjónusta við nemendur og starfsmenn höfð í fyrirrúmi. Tryggja á að réttindi og skyldur bæði nemenda og starfsmanna verði sambærileg án tillits til þess við hvaða opinbera háskóla þau nema eða starfa.

Á næstu mánuðum er stefnt að því að skólarnir auki enn frekar samstarfið á ýmsum sviðum með það í huga að fjölga tækifærum nemenda til náms. Háskólinn á Akureyri og Hólaskóli –Háskólinn á Hólum hafa sett upp sameiginlega námslínu í náttúru og auðlindafræðum. Hluti námsins er kenndur hér við skólann og hluti á Hólum. Háskólinn á Akureyri hefur einnig auðgað nám í félagsvísindum með samstarfi við Háskóla Íslands.



Þetta aukna samstarf á að vera nemendum við Háskólann á Akureyri til hagsbóta. Nemandi hér sem finnur áhugaverðan kúrs við annan háskóla á að geta tekið það námskeið og fengið það skráð á auðveldan og eðlilegan hátt. Samstarf af þessum toga mun styrkja Háskólann á Akureyri til framtíðar. Skóli sem einangrast frá samstarfi til að halda sjálfstæði stendur veikum fótum.

Gæðamál háskólanna eru mjög í brennidepli þessa mánuðina. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur stofnað Gæðaráð háskólanna, *The Quality Board for Icelandic higher education* sem skipað er sex erlendum sérfræðingum sem allir hafa mikla reynslu á þessu sviði í sínum heimalöndum. Íslenskt gæðaráð, sem á ensku nefnist *Quality Council*, er ráðgjafanefnd gæðaráðs háskólanna. Í því eiga sæti rektorar íslenskra háskóla, fulltrúar vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs og fulltrúar nemenda. Í haust kemur út gæðahandbók sem allir skólarnir munu vinna eftir. Innri úttektir á starfi háskólanna munu fara fram fjögur ár í senn og á fimmta ári verður gerð heildarúttekt. Háskólinn á Akureyri hefur lagt mikla áherslu á gæðamál undir styrki stjórn gæðastjóra. Gæðamál háskóla eru þó ekki einungis á borði gæðastjóra heldur fléttast þau inn í allt daglegt starf starfsmanna og nemenda. Í hvert skipti sem starfsmaður skipuleggur sín daglegu verk og í hvert skipti sem nemandi skipuleggur sitt nám koma gæðamál við sögu. Hlutverk gæðastjóra er að fylgja þessari vinnu eftir og styðja við það að hún sé unnin á hverjum degi.

Fjarnám er í örri þróun hér við skólann. Síðastliðinn vetur hefur skólinn haft þrjú tilraunaverkefni þar sem kostir staðnáms sem og fjarnáms hafa verið nýttir, svokallað „nám óháð stund og stað“. Hafa þessi tilraunaverkefni tekist vel að dómi bæði nemenda og kennara. Hefur verið ákveðið að halda þessum tilraunaverkefnum áfram eins og fjárhagur leyfir og jafnvel að auka þau enn frekar og þá í samstarfi við aðra háskóla.

Háskóli er til fyrir nemendur sína og ef ekki koma nemendur er enginn háskóli. Aðsókn að Háskólanum á Akureyri hefur farið vaxandi undanfarin ár og hafa nú borist yfir þúsund rafrænar umsóknir um skólavist sem ekki hefur gerst áður. Margt bendir til að heildarnemendafjöldi skólans geti farið að nálgast tvö þúsund áður en langt um líður.





BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS

Kæru áheyrendur

Í dag brautskrást alls 426 kandiðatar frá Háskólanum á Akureyri og er það stærsti hópur sem hefur brautskráðst héðan. Það er tímannna tákn að konur eru hér í miklum meiri-hluta eða 316, en karlar eru 110 eða rúmur fjórðungur.

Skipting brautskráðra eftir sviðum er: Heilbrigðisvísindasvið 72, viðskipta- og raunvísindasvið 83 og hug- og félagsvísinda-svið 271.

Af þessum hópi hafa margir stundað fjarnám fyrir milligöngu háskólasetra og símenntunarmiðstöðva. Fjarnám hefur átt sér stað á þrettán mismunandi stöðum víðs vegar um landið auk náms í haf- og strandsvæðastjórnun sem fer fram við Háskólasetur Vestfjarða. Ég vil sérstaklega hrósa fjarnemun-um okkar. Það krefst mikillar ögunar að stunda nám fjarri móðurskipinu, hvað þá samhliða vinnu sem oft er raunin.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka forsvarsmönnum og starfsfólki símenntunarmiðstöðva og háskólasetra kærlega fyrir mjög árangursríkt og ánægjulegt samstarf við framkvæmd fjarnámsins.

Kæru kandiðatar.

Ég minni ykkur á að njóta vel þeirrar menntunar sem þið hafið aflað ykkur. Þið eruð fulltrúar háskólans út á við. Orðstír skólans byggir á því hversu vel ykkur gengur. Leið ykkar héðan kann að liggja til frekara náms hólendis eða erlendis, enn önnur fara nú til starfa í atvinnulífínu. Hvert sem leiðin liggur

reynir á hversu vel þið eruð menntuð og hversu vel það skilar sér í starfi ykkar. Þið takið með ykkur þekkinguna sem þið hafið aflað ykkur hér við skólann. Kennarar háskólans eru einnig reynslunni ríkari. Ég treysti því að ykkar hlutur sé jafn góður og hlutur Háskólans á Akureyri nú þegar leiðir skiljast. Ég vil fyrir hönd starfsmanna þakka ykkur fyrir gott samstarf í námi ykkar við Háskólann á Akureyri.

Hér á eftir verður ykkur afhentur vitnisburður um námsárangur. Fyrir hönd Háskólans á Akureyri óska ég ykkur og fjölskyldum ykkar til hamingju. Ég óska ykkur velfarnaðar í því starfi, námi og lífi sem bíður ykkar.

